

ÁRSSKÝRSLA ALÞINGIS

STÖRF 126. LÖGGJAFARÞINGS 2000–2001
REKSTUR ÁRIÐ 2001

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangur | 4 |
| Forsætisnefnd | 5 |
| Þingstörfín | 6 |
| Þingmál | 6 |
| Þingfundir | 7 |
| Þingnefndir | 10 |
| Þingflokksfundir | 11 |
| Þingmenn og þingflokkar á 126. þingi | 12 |
| Erlend samskipti | 13 |
| Alþjóðastarf á vegum forseta Alþingis | 13 |
| Alþjóðanefndir | 14 |
| Útgáfa þingmála og efnis þingfunda | 16 |
| Upplýsinga- og tæknimál | 17 |
| Skrifstofa Alþingis | 19 |
| Yfirstjórn skrifstofu Alþingis | 19 |
| Svið skrifstofunnar | 19 |
| Starfsfólk | 20 |
| Húseignir Alþingis | 23 |
| Sérstök verkefni | 24 |
| Stofnanir Alþingis | 25 |
| Umboðsmaður Alþingis | 25 |
| Ríkisendurskoðun | 25 |
| Jónshús í Kaupmannahöfn | 25 |
| Rekstur Alþingis | 27 |
| Rekstrargjöld | 28 |
| Staðfesting forseta Alþingis og skrifstofu | 29 |
| Áritun endurskoðenda | 29 |
| Rekstrarreikningur 2001 | 30 |
| Efnahagsreikningur 2001 | 31 |
| Skýringar með ársreikningi 2001 | 32 |
| Ávörp flutt á 90 ára afmæli Háskóla Íslands og 150 ára afmæli Þjóðfundarins | 37 |



Í þessari ársskýrslu segir frá störfum Alþingis á 126. löggjafarþingi, 2000–2001, auk þess sem greint er frá rekstri Alþingis fjárhagsárið 2001.

Alþingi var sett mánudaginn 2. október 2000 og stóð fram á sumar. Hefðbundnum þingstörfum lauk 20. maí 2001 en ýmsar fastanefndir þingsins komu saman til funda um sumarið.

Óvenjumiklar breytingar urðu á skipan Alþingis á 126. þingi, en fjórir þingmenn afsöluðu sér þingmennsku. Það voru þau Sighvatur Björgvinsson, 2. þingmaður Vestfjarðakjördæmis (sæti hans tók Karl V. Matthíasson), Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þingmaður Vesturlandskjördæmis (sæti hennar tók Magnús Stefánsson), Árni Johnsen, 2. þingmaður Suðurlandskjördæmis (sæti hans tók Kjartan Ólafsson), og Hjálmar Jónsson, 4. þingmaður Norðurlandskjördæmis vestra (sæti hans tók Sigríður Ingvarsdóttir).

Langmestum tíma Alþingis á 126. þingi var varið til umfjöllunar og afgreiðslu á lagafrumvörpum og þingsályktunartillögum. Sá þáttur þingstarfa tók um 450 klukkustundir af þeim 567 klukkustundum sem þingfundir stóðu, eða um 80% þingfundatímans, en um 20% tímans fóru m.a. í umræður um skýrslur, fyrirspurnir og umræður utan dagskrár. Í þingnefndum var 662 klukkustundum til viðbótar varið til umfjöllunar um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur og því ljóst að meðferð

þessara mála í nefndum tekur mestan tíma í störfum þingsins.

Þó að umfjöllun um Alþingi í fjölmiðlum einkennist af frásögnum um þau mál sem mestum ágreiningi valda er í reynd allgóð samstaða um meiri hluta þingmála sem Alþingi afgreiðir. Á 126. þingi var samstaða um rúmlega 62% samþykktara lagafrumvarpa og rúmlega 78% allra samþykktara þingsályktana.

Í febrúar 2001 tók Alþingi í notkun nýtt húsnæði í Austurstræti 8–10 en þingið leigir 2.–5. hæð hússins. Þar er fundaðstaða fastanefnda og skrifstofur starfsfólks nefndanna auk þess sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa skrifstofur í húsinu. Einnig voru 2. og 3. hæð Austurstrætis 10A teknar á leigu og eru þar skrifstofur þingmanna Framsóknarflokksins og funda- og skrifstofuaðstaða fyrir fjárlaganefnd. Þetta nýja húsnæði bætti mjög starfsaðstöðu þingsins og þá ekki síst fastanefndanna sem lengi hafa búið við ófullnægjandi aðstöðu.

Á 126. þingi var unnið að endurgerð á vef Alþingis, althingi.is, og opnaði forseti Alþingis nýjan vef þingsins 27. september 2001. Lögð var áhersla á að gera vefinn notendavænni og skilvirkari þannig að fólk fái tíðindi af Alþingi um leið og þau verða. Nýja vefnum var strax vel tekið og samkvæmt samræmdri mælingu á notkun íslenskra vefa, í umsjón Verslunarráðs Íslands, er Alþingisvefurinn meðal þeirra fjölsóttustu hér á landi.

Á hverju ári heimsækir mikill fjöldi skólánemenda Alþingi til að fræðast um störf þingsins og skoða Alþingishúsið. Áhugi þeirra varð þinginu hvatning til að láta útbúa sérstakan vef, ungmennavefur.is, sem er ætlað að auðvelda ungu fólki að öðlast innsýn í störf og hlutverk Alþingis. Ungmennavefurinn var opnaður um leið og hinn nýi vefur Alþingis og er hann sérstaklega ætlaður nemendum á aldrinum 10–15 ára.

Það er von mín að ársskýrslan megi gagnast vel sem handhægt yfirlit um störf og rekstur þingsins.

*Friðrik Ólafsson,
skrifstofustjóri Alþingis.*

Forsætisnefnd

Á þingsetningarfundum mánudaginn 2. október 2000 var Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e., endurkjörinn forseti Alþingis með 52 atkvæðum en sex þingmenn greiddu ekki atkvæði. Á fundi sama dag voru endurkjörnir varaforsetar án atkvæðagreiðslu Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn., Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl., Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl., og Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e. Skipuðu þeir forsætisnefnd ásamt forseta Alþingis. Fundi forsætisnefndar sitja jafnan Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri, Helgi Bernóðusson aðstoðarskrifstofustjóri, Karl M. Kristjánsson, rekstrar- og fjármálastjóri, og Þorsteinn Magnússon, forstöðumaður almennrar skrifstofu, sem er ritari forsætisnefndar. Líkt og á fyrri þingum voru fastir fundir forsætisnefndar á þingtíma haldnir á mánudagsmorgnum. Á 126. löggjafarþingi 2000–2001 voru haldnir 30 fundir í forsætisnefnd.

Verkefni forsætisnefndar eru samkvæmt þingsköpum einkum að skipuleggja þinghaldið, gera starfsáætlun þingsins og ganga frá vikuáætlunum fyrir þingfundum hverju sinni, hafa umsjón með alþjóðasamstarfi sem Alþingi tekur þátt í, gera fjárhagsáætlanir fyrir þingið og stofnanir þess og að setja almennar reglur um rekstur þingsins og stjórn-sýslu. Nefndin fjallar enn fremur um málefni þeirra stofnana sem undir Alþingi heyra, þ.e. umbodsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar, svo og Jónshúss í Kaupmannahöfn.

Þau mál, sem hafa tekið mestan tíma á fundum nefndarinnar á 126. löggjafarþingi, eru húsnæðismál þingsins, einkum framkvæmdir við húsnæði fyrir fastanefndir og þingmenn í Austurstræti 8–10A, fjármál þingsins, þ.e. fjáveitingar til reksturs þess, og ýmis erindi frá þingmönnum og fastanefndum þingsins, m.a. varðandi þátttöku í alþjóðlegum þingmannafundum.

Í framhaldi af föstum fundum forsætisnefndar á forseti fund með formönnum þingflokka þar sem farið er yfir drög að áætlunum fyrir þingfundum vikunnar auk þess sem rædd eru ýmis önnur atriði er varða skipulag þingstarfa.



Forsætisnefnd og skrifstofustjóri Alþingis: Halldór Blöndal forseti, Guðjón Guðmundsson, 2. varaforseti, Árni Steinar Jóhannsson, 4. varaforseti, Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri, Ísólfur Gylfi Pálmason, 3. varaforseti, og Guðmundur Árni Stefánsson, 1. varaforseti.

Þingstörfin

Forseti Íslands setti 126. löggjafarþing skv. 35. gr. stjórnarskrárinnar annan dag októbermánaðar 2000. Þingið var að störfum frá 2. október til 16. desember 2000 og frá 15. til 23. janúar 2001 og síðan frá 8. febrúar til 20. maí en var þá frestað til septemberloka.

Þingfundir voru alls 131 á 96 þingfundardögum. Lengsti þingfundurinn stóð í u.þ.b. 17 klst. Síðasta vikan í október var kjördæmavika og lágu þingfundir þá niðri svo að þingmönnum gæfist tækifæri til fundarhalda í kjördæmum. Alls 13 starfsdagar voru eingöngu helgaðir nefndastarfi fyrir utan reglubundna nefndarfundir yfir þingtímann.



Þingmál

Frumvörp voru alls 241 og þar af voru 130 samþykkt sem lög. Tillögur til þingsályktunar voru 135 og voru 37 samþykktar sem ályktanir Alþingis.

Fyrirspurnir voru 345 og var 331 svarað. Óundirbúnar fyrirspurnir voru 56. Skýrslur voru 25, beiðnir um skýrslu voru sjö og bárust fimm skýrslur. Munnlegar skýrslur ráðherra voru tvær og aðrar munnlegar skýrslur tvær. Umræður um störf þingsins í upphafi þingfundar fóru fram á 37 fundum. Umræður utan dagskrár voru 47. Stjórnarþingmenn hófu tvær og stjórnarandstöðuþingmenn 45.



Atkvæðagreiðslur á þingfundum fara jafnan fram rafrænt. Einnig getur þingheimur greitt atkvæði með handaupprettingu og var sú aðferð höfð á fjórum fundum.




Þingfundir

Á 126. þingi var heildarfundartími 567 klst. Hann skiptist á eftirfarandi hátt:

Ræður um frumvörp: 376 klst., ræður um þingsályktunartillögur: 55 klst., atkvæðagreiðslur: 20 klst., skýrslur: 14 klst., svör við fyrirspurnum, bæði munnlegum og óundirbúnum: 45 klst., utandagskrárumræður: 28 klst., ræður um störf þingsins í upphafi fundar og um fundarstjórn forseta: 11 klst., almennar stjórn málaumræður, stefnuræða forsætisráðherra og umræður um hana: 4 klst., annað (t.d. tafir milli dagskrárliða, hlé, tilkynningar forseta, út-

býting þingskjala, minningarorð, kosningar, setning og slit þingfunda): 14 klst.





Forseti Íslands setur 126. löggjafarþing 2. október 2000.

FJÖLDI OG LENGD ÞINGFUNDA

| Löggjafarþing | Fjöldi | Dagar | Klst. |
|------------------|--------|-------|-------|
| 117. (1993–1994) | 162 | 112 | 636 |
| 118. (1994–1995) | 109 | 77 | 412 |
| 120. (1995–1996) | 163 | 113 | 621 |
| 121. (1996–1997) | 132 | 97 | 535 |
| 122. (1997–1998) | 147 | 113 | 654 |
| 123. (1998–1999) | 91 | 69 | 384 |
| 125. (1999–2000) | 123 | 91 | 539 |
| 126. (2000–2001) | 131 | 96 | 567 |

119. og 124. löggjafarþing voru stutt aukarþing eftir alþingiskosningar 1995 og 1999.

Þingmál á 126. löggjafarþingi

| Flutningsmenn | Frumvörp til laga |
|-------------------------------|--|
| Ríkisstjórnin | Frumvörp alls: 141 Lög: 118 Afgreidd samhljóða: 69 Ágreiningur: 49 Óafgreidd: 23 |
| Stjórnarþingmenn | Frumvörp alls: 15 Lög: 2 Afgreidd samhljóða: 2 Óafgreidd: 13 |
| Stjórnarandstöðuþingmenn | Frumvörp alls: 75 Lög: 0 Óafgreidd: 74 Vísad til ríkisstjórnarinnar: 1 |
| Nefnd eða meiri hluti nefndar | Frumvörp alls: 10 Lög: 10 Afgreidd samhljóða: 10 |

| <i>Flutningsmenn</i> | Tillögur til þingsályktunar |
|-------------------------------|---|
| Ríkisstjórnin | Þingsályktunartillögur alls: 31 Þingsályktanir: 28 Afgreiddar samhljóða: 21 Ágreiningur: 7 Óafgreiddar: 3 |
| Stjórnarþingmenn | Þingsályktunartillögur alls: 42 Þingsályktanir: 3 Afgreiddar samhljóða: 2 Ágreiningur: 1 Óafgreiddar: 39 |
| Stjórnarandstöðu- þingmenn | Þingsályktunartillögur alls: 61 Þingsályktanir: 5 Afgreiddar samhljóða: 5 Óafgreiddar: 55 Vísað til ríkisstjórnar: 1 |
| Nefnd | Þingsályktunartillögur: 1 Þingsályktun: 1 Afgreidd samhljóða: 1 |
| <i>Flutningsmenn</i> | Fyrirspurnir |
| Stjórnarþingmenn | Munnlegar fyrirspurnir: 46 Þar af svarað: 45 Ekki svarað: 1 Skriflegar fyrirspurnir: 63 Þar af svarað: 61 Ekki svarað: 2 Óundirbúnar fyrirspurnir: 10 Öllum svarað |
| Stjórnarandstöðu- þingmenn | Munnlegar fyrirspurnir: 131 Þar af svarað: 128 Ekki svarað: 3 Skriflegar fyrirspurnir: 105 Þar af svarað: 97 Ekki svarað: 6 Kallaðar aftur: 2 Óundirbúnar fyrirspurnir: 46 Öllum svarað |
| <i>Flutningsmenn</i> | Skýrslur/beiðnir |
| Ríkisstjórn | Skýrslur: 15 Þar af skýrslur samkvæmt beiðni: 5 |
| Nefnd | Skýrslur: 10 |

Þingnefndir

Fastanefndir Alþingis eru tólf: allsherjarnefnd, efnahags- og viðskiptanefnd, félagsmálanefnd, fjárlaganefnd, heilbrigðis- og trygginganefnd, iðnaðarnefnd, landbúnaðarnefnd, menntamálanefnd, samgöngunefnd, sjávarútvegsnefnd, umhverfisnefnd og utanríkismálanefnd, auk kjörbréfanefndar sem hefur það verkefni að rannsaka kjörbréf nýrra þingmanna og varaþingmanna.

Kosið var í fastanefndir á fyrsta fundi 126. löggjafarþings. Níu þingmenn sitja í hverri fastanefnd fyrir utan fjárlaganefnd en þar sitja ellefu þingmenn. Til utanríkismálanefndar eru að auki kosnir níu varamenn.

Á 126. löggjafarþingi héldu fastanefndir fundi venju samkvæmt fyrir hádegi þingfundardagana. Þá voru 13 dagar ætlaðir eingöngu til nefndastarfa. Alls héldu fastanefndir 356 fundi á þinginu sem stóðu samtals í 662½ klst.

Samtals voru boðaðir 1.660 gestir á fundi nefndanna.

Nefndirnar sendu 6.328 beiðnir um umsagnir um samtals 231 þingmál og bárust um 3.400 erindi. Þá barst 181 erindi um önnur mál.

Af þeim 318 þingmálum, sem vísað var til nefnda, voru 209 lagafrumvörp, þar af 141 frá ríkisstjórn en 68 flutt af þingmönnum. Nefndirnar afgreiddu með nefndaráliti 126 lagafrumvörp, 123 stjórnarfrumvörp en þrjú þingmannafrumvörp.

Af þingsályktunartillögum, sem vísað var til nefnda, voru 28 frá ríkisstjórn en 81 frá þingmönnum. Alls 25 stjórnartillögur voru afgreiddar með nefndaráliti en tíu þingmannatillögur. Þingsályktunartillögur um þingfrestun, en þær voru þrjár á þinginu, voru afgreiddar við eina umræðu og var því ekki vísað til nefndar.

Nefndirnar luku ekki afgreiðslu á 157 þingmálum, 21 frá ríkisstjórn og 136 frá þingmönnum.

Fastanefndir eða meiri hlutar þeirra fluttu tíu frumvörp í eigin nafni og hlutu öll þeirra lokaafgreiðslu. Einnig flutti ein nefnd eina tillögu til þingsályktunar og var hún samþykkt.

Á 126. löggjafarþingi skilaði ein nefnd tveimur skýrslum um mál sem tekin voru upp að eigin frumkvæði, sbr. heimild í 26. gr. laga um þingsköp.

Á hverju ári eiga fastanefndir þingsins þess kost að fara í vettvangsferðir innan lands. Umhverfisnefnd fór í Þjórsárver 20.–22. ágúst. Skoðuðu

NEFNDASTÖRF Á 126. ÞINGI

| Fundir | Fundar- tími (klst.) | Mál til nefnda | Nefndar- álit | Breytingar- tillögur | Umsagnar- beiðnir | Erindi til nefnda | Gestir nefnda | Afgreidd mál | Mál flutt af nefnd | |
|--------------------------------|-------------------------|-------------------|------------------|-------------------------|----------------------|----------------------|------------------|-----------------|-----------------------|----|
| Allsherjarnefnd | 28 | 54½ | 50 | 26 | 13 | 480 | 290 | 98 | 22 | 1 |
| Efnahags- og viðskiptanefnd | 45 | 86½ | 59 | 35 | 30 | 900 | 544 | 327 | 36 | 3 |
| Félagsmálanefnd | 32 | 72½ | 25 | 14 | 5 | 1.920 | 433 | 149 | 10 | 0 |
| Fjárlaganefnd | 49 | 123 | 3 | 12 | 16 | 0 | 617 | 358 | 2 | 2 |
| Heilbrigðis- og trygginganefnd | 26 | 56 | 23 | 11 | 4 | 480 | 261 | 117 | 8 | 3 |
| Iðnaðarnefnd | 24 | 34 | 18 | 14 | 2 | 240 | 104 | 52 | 11 | 1 |
| Landbúnaðarnefnd | 22 | 33 | 13 | 8 | 3 | 300 | 130 | 46 | 5 | 1 |
| Menntamálanefnd | 23 | 34 | 31 | 16 | 5 | 660 | 333 | 144 | 15 | 0 |
| Samgöngunefnd | 24 | 41 | 28 | 21 | 7 | 480 | 285 | 111 | 15 | 0 |
| Sjávarútvegsnefnd | 26 | 39 | 21 | 16 | 0 | 420 | 194 | 75 | 9 | 1 |
| Umhverfisnefnd | 27 | 60 | 17 | 11 | 1 | 360 | 177 | 108 | 6 | 1 |
| Utanríkismálanefnd | 29 | 28½ | 29 | 24 | 0 | 60 | 52 | 75 | 22 | 0 |
| Sérnefnd | 1 | ½ | 1 | 0 | 0 | 28 | 1 | | 0 | 0 |
| Alls | 356 | 662½ | 318 | 208 | 86 | 6.328 | 3.421 | 1.660 | 161 | 13 |

nefndarmenn áhrifsvæði Núpsvirkjunar og Urriðafoss og Búðarhálsvirkjun. Allsherjarnefnd og félagsmálanefnd fóru í sameiginlega haustferð um Vestfirði 3. og 4. september og var markmiðið einkum að kynna sér málefni útlendinga og fjölmenningslegt samfélag. Efnahags- og viðskiptanefnd fór í skoðunarferð á fyrirhugaðan álversstað í Reyðarfirði og hélt fund á Egilsstöðum með ýmsum aðilum um efnahagsleg áhrif álversins og um stöðu og horfur í efnahagsmálum. Iðnaðarnefnd ferðaðist um Suðurland 18. og 19. september. Fyrri daginn voru virkjanir Landsvirkjunar skoðaðar en seinni daginn var haldinn fjölmennur fundur á Hvolsvelli um væntanlegt frumvarp til raforkulaga. Heilbrigðis- og trygginganefnd fór um Norðurland 27.–29. september og heimsótti heilbrigðisstofnanir og kynnti sér starfsemi þeirra.

Þá hafa fastanefndir farið í nokkrar styttri heimsóknir í stofnanir og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni þess.

Þingflokksfundir

Þingflokksfundir eru að jafnaði haldnir tvisvar í viku á þingtíma en eftir þörfum í þinghléum. Á 126. þingi hélt þingflokkur Framsóknarflokks 54 fundi, þingflokkur Frjálslynda flokksins 58 fundi, þingflokkur Samfylkingarinnar 42 fundi, þingflokkur Sjálfstæðisflokks 51 fund og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs 64 fundi.

SKIPAN ÞINGFLOKKA VIÐ UPPHAF 126. LÖGGJAFARÞINGS

| Þingflokkar | Fjöldi | Karlar | Konur |
|------------------------------------|--------|--------|-------|
| Framsóknarflokkur | 12 | 8 | 4 |
| Frjálslyndi flokkurinn | 2 | 2 | |
| Samfylkingin | 17 | 8 | 9 |
| Sjálfstæðisflokkur | 26 | 18 | 8 |
| Vinstri hreyfingin – grænt framboð | 6 | 4 | 2 |
| | 63 | 40 | 23 |



Á 126. löggjafarþingi voru 318 mál tekin til umfjöllunar í fastanefndum Alþingis. Frá fundi í heilbrigðis- og trygginganefnd.

Þingmenn og þingflokkar á 126. þingi

Sighvatur Björgvinsson, 2. þingmaður Vestfjarðakjördæmis, afsalaði sér þingmennsku 12. febrúar 2001. Þingsæti hans tók Karl V. Matthíasson. Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þingmaður Vesturlandskjördæmis, afsalaði sér þingmennsku 14. apríl 2001. Þingsæti hennar tók Magnús Stefánsson. Árni Johnsen, 2. þingmaður Suðurlandskjördæmis, afsalaði sér þingmennsku 2. ágúst 2001. Þingsæti hans tók Kjartan Ólafsson og varð 4. þingmaður kjördæmisins. Hjálmar Jónsson, 1. þingmaður Norðurlandskjördæmis vestra, afsalaði sér þingmennsku 8. september 2001. Þingsæti hans tók Sigríður Ingvarsdóttir og varð 4. þingmaður kjördæmisins. Hlutfall kvenna á Alþingi er 36,5%. Á 126. löggjafarþingi tóku 18 varamenn sæti, þar af sjö í fyrsta sinn.

Framsóknarflokkur:

1. Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.
2. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
3. Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.
4. Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.
Magnús Stefánsson frá 14. apríl 2001.
5. Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.
6. Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.
7. Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.
8. Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.
9. Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.
10. Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.
11. Siv Friðleifsdóttir, 7. þm. Reykn.
12. Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðurl. e.

Frjálslyndi flokkurinn:

1. Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
2. Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

Samfylkingin:

1. Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.
2. Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.
3. Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.
4. Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.
5. Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.
6. Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.
7. Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.
8. Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.
9. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.
10. Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.
11. Margrét Frímansdóttir, 3. þm. Suðurl.
12. Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.
13. Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.
Karl V. Matthíasson frá 12. febr. 2001.
14. Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.
15. Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e.
16. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.
17. Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Sjálfstæðisflokkur:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.
2. Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.
3. Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.
Kjartan Ólafsson frá 2. ágúst 2001.
4. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
5. Ásta Möller, 19. þm. Reykv.
6. Björn Bjarnason, 2. þm. Reykv.
7. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
8. Drífa Hjartardóttir, 4. þm. Suðurl.
9. Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.
10. Einar Oddur Kristjánsson, 5. þm. Vestf.
11. Geir H. Haarde, 3. þm. Reykv.
12. Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.
13. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.
14. Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.
15. Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.
16. Hjálmar Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.
Sigríður Ingvarsdóttir frá 8. sept. 2001.
17. Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.
18. Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.
19. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
20. Pétur H. Blöndal, 10. þm. Reykv.
21. Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.
22. Sólveig Pétursdóttir, 4. þm. Reykv.
23. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.
24. Tómas Ingi Orlích, 5. þm. Norðurl. e.
25. Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.
26. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð:

1. Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e.
2. Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v.
3. Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.
4. Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.
5. Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.
6. Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

Erlend samskipti



Ivar Hansen, forseti danska þingsins, heimsótti Alþingi 29. apríl 2001 og átti meðal annars viðræður við forseta Alþingis.

Alþjóðastarf á vegum forseta Alþingis

Opinberar heimsóknir forseta Alþingis

Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, var ásamt Friðriki Ólafssyni, skrifstofustjóra Alþingis, í opinberri heimsókn í Ósló í boði forseta norska þingsins, Kirsti Kolle Grøndahl, dagana 24.–29. maí 2001. Forseti Alþingis átti fundi með Grøndahl og ýmsum þingmönnum Stórþingsins, þar á meðal fulltrúum þingflokka og fulltrúum utanríkismálanefndar. Forseti Alþingis hitti að máli Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, og Thorbjørn Jagland utanríkisráðherra. Þá átti forseti Alþingis fund með Harald V. Noregskonungi. Forseti heimsótti einnig Björgvin og hélt þaðan á sögu slóðir konungasagna.

Opinberar heimsóknir til Alþingis

Dagana 29. apríl – 1. maí 2001 kom Ivar Hansen, forseti danska þingsins, í opinbera heimsókn til Íslands. Í ferð sinni hitti hann forseta Alþingis, Halldór Blöndal, og formenn þingflokka í Alþingishúsinu. Þá átti Hansen fund með Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, á Bessastöðum og Davíð Oddssyni forsætisráðherra og Halldóri Ásgrímssyni utanríkisráðherra. Auk formlegra fundahalda skoðaði Hansen Norrænu eldfjallastöðina og Hítaveitu Suðurnesja í Svartsengi.

Dagana 11.–12. júní 2001 kom Russel-Johnston lávarður, forseti Evrópuráðsþingsins, í opinbera heimsókn til Íslands. Í ferðinni átti hann fund með Halldóri Blöndal, forseta Alþingis, og Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins. Þá hélt Russel-Johnston til

fundar við Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, á Bessastöðum.

Fundir þingforseta

Árlegur fundur þingforseta Norðurlanda var haldinn 16.–19. júlí 2001, að þessu sinni í Finnlandi. Fundinn sótti Guðmundur Árni Stefánsson, 1. varaforseti Alþingis, ásamt Friðriki Ólafssyni, skrifstofustjóra Alþingis. Samhliða var haldinn fundur með þingforsetum Eystrasaltsríkjanna. Rætt var um víðtækt samstarf þinga í þessum hluta Evrópu á alþjóðavettvangi, fyrirkomulag þingfunda Norðurlandaráðs og um samstarf Norðurlandaráðs og Eystrasaltsráðsins. Auk hefðbundinnar dagskrár ferðudust forsetarnir til Pétursborgar í Rússlandi.

Þátttaka í öðru alþjóðastarfi

Þingið í þýska sambandslandinu Schleswig-Holstein býður Alþingi árlega til þátttöku í Kílarvikunni svonefndu auk þingmanna frá Norðurlöndunum, Eystrasaltsríkjunum, Póllandi, Rússlandi og víðar, tveggja daga ráðstefnu um málefni sem efst eru á baugi hverju sinni, svo sem öryggismál og umhverfismál. Kílarvik, 16.–19. júní 2001, sótti 1. varaforseti Alþingis, Guðmundur Árni Stefánsson, ásamt þingmönnum Árna R. Árnasyni og Kristni H. Gunnarssyni.

Á eyggi Mön fer árleg þingsetning fram í júlí undir berum himni á Þingvöllum eða Tynwald eins og þeir heita þar. Alþingi er boðið til þingsetningarinnar ár hvert og fulltrúi Alþingis að þessu sinni var Ísólfur Gylfi Pálmason, 3. varaforseti Alþingis.

Belgíska þingið efndi til fundu um framtíðarskipulag þingmannasamtaka á sviði evrópskra öryggis- og varnarmála. Tómas Ingi Olrich, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, sótti slíkan fund fyrir hönd forseta Alþingis dagana 2.–3. júlí 2001 í Brussel.

Aðrar opinberar heimsóknir í Alþingishúsið

Eftirtaldir tignargestir ríkisstjórnarinnar heim sóttu Alþingishúsið á 126. þingi:

Dimitrij Rupel, utanríkisráðherra Slóveníu, kom í heimsókn í Alþingishúsið fimmtudaginn 3. maí 2001.

Mart Laar, forsætisráðherra Eistlands, kom í heimsókn í Alþingishúsið miðvikudaginn 23. maí 2001.

Gary Doer, forsætisráðherra Manitoba, kom í heimsókn í Alþingishúsið miðvikudaginn 29. ágúst 2001.

Aðrar heimsóknir í Alþingishúsið

Ástralski þingmaðurinn Laurie Ferguson átti fund með þingmönnum í Alþingishúsinu 18. apríl 2001 og Íslandsvinurinn Craigavon lávarður sótti Alþingi heim seinni hluta maí 2001 og átti m.a. fund með fulltrúum þingflokka og Íslandsdeildar Alþjóðþingmannasambandsins.

Nokkuð er um að þingmannahópar komi til Íslands á eigin vegum og óski eftir að koma í þinghúsið og hitta þingmenn. Í ágúst 2001 kom hópur fulltrúa auðlindanefndar fulltrúadeildar Bandaríkjaþings í Alþingishúsið og átti fund með fulltrúum þingflokka. Þá heimsótti hópur fulltrúa menntamálanefndar sænska þingsins Alþingishúsið í september 2001 sem og hópur þýskra þingmanna sem var að kynna sér löggjöf á sviði líftækniðnaðar og áttu báðir hóparnir fundi með þingmönnum. Í byrjun október heimsótti hópur fulltrúa evrópskra þingmanna sem sitja á NATO-þinginu Alþingishúsið og tók Guðmundur Árni Stefánsson, 1. varaforseti Alþingis, á móti hópunum.

Þá tók forseti að venju á móti erlendum sendiherrum, oftast í tengslum við afhendingu trúnaðarbréfs.

Alþjóðanefndir

Alþjóðþingmannasambandið (IPU) heldur tvö þing á ári. Á 126. þingi voru þing haldin í Jakarta (október 2000) og í Havana (mars 2001) og tók Íslandsdeildin þátt í þeim. Jafnframt var haldinn norrænn samráðsfundur fyrir hvert þing. Að auki sótti formaður Íslandsdeildar sérstakan fund IPU um alþjóðleg viðskipti.

Evrópuráðsþingið hefur aðsetur í Strassborg. Íslandsdeildin sótti fjóra þingfundi Evrópuráðsþingsins sem haldnir voru á 126. þingi, í janúar, apríl,



Einar K. Guðfinnsson alþingismaður greindi auðlindanefnd fulltrúadeildar Bandaríkjaþings frá starfsháttum Alþingis er nefndin heimsótti Alþingi sumarið 2001.

júní og september. Auk þess sóttu þingmenn Íslandsdeildarinnar fjölmarga nefndarfundum.

NATO-þingið kemur tvisvar sinnum saman á ári hverju. Ársfundur NATO-þingsins árið 2000 var haldinn í nóvember í Berlín og vorfundur NATO-þingsins 2001 var haldinn í Vilnús í maí. Tók Íslandsdeildin þátt í fundunum og fylgdist þar að auki með annarri starfsemi.

Hið árlega **Norðurlandaráðsþing** var að þessu sinni haldið í Reykjavík í nóvember 2000, en það sóttu yfir 800 þátttakendur. Þemaráðstefna um sjálfbæra þróun var haldin í Ósló í apríl 2001. Tók Íslandsdeild Norðurlandaráðs þátt í báðum þessum fundum. Íslandsdeildin tók jafnframt þátt í starfi nefnda og flokkahópa á vegum Norðurlandaráðs.

Í nóvember 2000 hélt forsætisnefnd **Vestnorræna ráðsins** fund í Reykjavík í tengslum við Norðurlandaráðsþingið, einnig var haldinn samráðsfundur með vestnorrænum samstarfsráðherrum. Í júní 2001 var veiðimeningarráðstefna Vestnorræna ráðsins haldin á Akureyri.

Alþingi á aukaaðild að þingi **Vestur-Evrópusambandsins (VES-þinginu)**. VES-þingið, sem hefur aðsetur í París, heldur tvo fundi árlega og var sá fyrri í desember 2000 og sá seinni í júní 2001. Íslands-

deildin tók þátt í báðum fundunum. Að auki sótti formaður tvo fundum um þróun evrópskra varnarmála og framtíð VES-þingsins á 126. þingi.

Íslandsdeild þings **Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE-þingsins)** sótti ÖSE-þing sem haldið var í júlí 2001 í París.

Íslandsdeild **þingmannanefndar EFTA** sótti fundi á vegum þingmannanefndarinnar á 126. þingi, þ.e. fundi þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES og fundi með ráðherraráði EFTA. Þá fylgdist Íslandsdeildin með þróun mála hjá Evrópusambandinu, Evrópuþinginu og EFTA.

Annað

Fundir fulltrúa í **þingmannanefnd um norðurskautsmál** voru haldnir í nóvember 2000 (í Stokkhólmi), í apríl 2001 (á Svalbarða) og í ágúst sama ár (á Akureyri) og sótti fulltrúi Alþingis í nefndinni fundina.

Alþingi sendir fulltrúa til að taka þátt í **allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna** á hverju hausti. Að venju var þátttakendum Alþingis skipt í tvo hópa, þremur í hvorn hóp, sem sátu allsherjarþingið tvær vikur í senn.

Útgáfa þingmála og efnis þingfunda

Umræður á Alþingi, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum, skal prenta í Alþingistíðindum skv. 1. mgr. 88. gr. þingskapa.

ÞINGMÁL (lausaskjöl, vefútgáfa þingskjala og skjalahefti).

Lausaskjöl: Þingskjölum er útbýtt á þingfundi og þau síðan sett á vefinn svo fljótt sem auðið er. Þingskjöl (lausaskjöl) urðu samtals 1.508.

Skjalahefti: Skjölin á 126. þingi eru gefin út í 20 skjalaheftum, samtals 5.757 blaðsíður, en í þeirri útgáfu eru sum þeirra stytta, þ.e. felld er brott efni sem hefur birst áður eða er aðgengilegt annars staðar.


ÞINGRÆÐUR (hefti og vefútgáfa þingræðna).

Umræðuhefti: Ræðuheftin á 126. þingi urðu alls 17, samtals 7.342 dálkar.

Vefútgáfa: Ræðutexti var settur á vef Alþingis, aðgengilegur öllum, að jafnaði einum til tveimur dögum eftir að ræður voru fluttar í þingsal. Á álagstímum, eins og fyrir jólahlé og þingfrestun á vori, getur liðið lengri tími þar til ræðurnar birtast á vefnum.

LÖG OG ÞINGSÁLYKTANIR

Lög sem Alþingi hefur samþykkt er að finna á vef þingsins undir síðasta þingskjalsnúmeri máls. Jafnframt er stjórnartíðindanúmer skráð þegar lög hafa verið gefin út í Stjórnartíðindum. Lög urðu samtals 130 á 126. þingi. Þingsályktanir, sem urðu



Þingræður eru birtar á vef Alþingis svo fljótt sem auðið er, oftast innan eins og hálf sólarhrings, nema á mestu annatímum.

samtals 37, er að finna undir síðasta þingskjalsnúmeri málsins.

AÐALEFNISYFIRLIT

Aðalefnisyfirlit yfir Alþingistíðindi 126. þings verður 356 blaðsíður og kemur út 2003.


Upplýsinga- og tæknimál

Starfshópur um stefnumótun í upplýsinga- og tæknimálum hóf störf vorið 2000 og skilaði skýrslu í mars 2001. Þar voru meðal annars settar fram tillögur um framtíðarsýn í upplýsinga- og tæknimálum skrifstofu Alþingis, ásamt framkvæmda- og kostnaðaráætlun til þriggja ára.

Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, opnaði 27. september 2001 nýjan vef Alþingis. Tilgangurinn með endurgerð vefsins var fjórþættur: Að gera vefinn meira lifandi með því að veita sem fyrst upplýsingar um það sem er að gerast í þingstarfinu dag hvern. Að gera vefinn notendavænni. Að gera vefinn persónutengjanlegan með þeim hætti að hver og einn geti að hluta til valið það efni sem birtist honum á vefnum. Að vefurinn sé hluti af samræmdri heildarmynd af útgáfuefni Alþingis. Vinna við endurgerð vefsins var á hendi starfsfólks skrifstofu Alþingis en starfsmenn Gagaríns ehf. hönnuðu útlit vefsins.

Samhliða endurgerð Alþingisvefsins lét skrifstofa Alþingis vinna vefinn *ungmennavefur.is* sem er undirvefur á Alþingisvefnum, sérstaklega ætlaður til að auðvelda ungu fólki að öðlast innsýn í störf og hlutverk Alþingis. Er ungmennavefurinn sniðinn að þörfum skólanema á aldrinum 10 til 15 ára. Hönnuður ungmennavefsins var Bragi Halldórsson en höfundar efnis á vefnum Guðbjörg Pálsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir. Starfsmenn skrifstofu Alþingis lögðu til efni og höfðu umsjón með gerð vefsins.

Vinna við kröfufýsingar á nýju upplýsingakerfi um þingmál hófst í september 2001. Tveir starfsmenn VKS stjórna verkinu en skipaðir voru fimm



**FYRIRSPURNIR OG LEITIR
HJÁ UPPLÝSINGAVAKT – BÓKASAFNI 2001**

| | Fyrirspurnir | | Heimildaleitir | |
|----------------|----------------------|--------------------------|------------------|------------|
| | Starfsmenn, þingmenn | Einstaklingar, stofnanir | Upplýsingaveitur | Bókasafn |
| Janúar | 152 | 70 | 206 | 49 |
| Febrúar | 164 | 54 | 188 | 66 |
| Mars | 187 | 75 | 213 | 50 |
| Apríl | 122 | 42 | 171 | 29 |
| Mái | 141 | 48 | 204 | 54 |
| Júní | 65 | 41 | 119 | 24 |
| Júlí | 51 | 38 | 80 | 7 |
| Ágúst | 105 | 57 | 157 | 34 |
| September | 124 | 53 | 173 | 38 |
| Október | 191 | 96 | 268 | 49 |
| Nóvember | 200 | 84 | 310 | 52 |
| Desember | 113 | 63 | 199 | 42 |
| Samtals | 1.615 | 721 | 2.288 | 494 |

starfshópar innan skrifstofu Alþingis til að annast upplýsingaöflun og aðra grunnvinnu við kröfufýsinguna.

Starfsmenn og þingmenn fá kennslu í tölvunotkun. Kennt er meðal annars á Microsoft Office forritin Word, Excel, PowerPoint og Microsoft Outlook. Einnig eru þingmenn aðstoðaðir við að koma upp eigin heimasíðu.

Árið 2001 heimsóttu 4.623 gestir Alþingishúsið (4.852 árið 2000). Íslendingar voru samtals 2.980 og erlendir gestir 1.643. Flestir íslensku gestanna eru skólanemendur og stóð fjöldi þeirra því sem næst í stað milli ára en erlendum gestum fækkaði um tæp 16% og var fækkunin mest á síðari hluta ársins.

Forseti Alþingis tekur á móti fjölda gesta í Alþingishúsinu en þeir eru ekki taldir með í fyrrgreindum tölum, né eru þar taldir gestir sem koma á þingpalla til að hlýða á þingfundum.

Safnkostur upplýsingaþjónustu er skráður í bókasafnskerfið Gegni og upplýsingar um hann eru aðgengilegar öllum þeim sem hafa aðgang að netinu. Mánaðarlega er öllum á tölvuneti Alþingis sendur listi yfir nýskráð rit og á vefþingsins er að finna upplýsingar um tímarit sem keypt eru ásamt tengingum í valda vefi þar sem meðal annars er hægt að tengjast upplýsingaveitum sem sérstaklega hefur verið samið um aðgang að fyrir starfsmenn og þingmenn.

Fyrirspurnir og beiðnir um heimildaöflun afgreiddar af upplýsingavakt voru alls 2.336 (2.372 árið 2000) og heimildaleitir voru samtals 2.782 (1.961 árið 2000). Sjá nánari sundurliðun í töflu. Erindum hefur fækkað milli ára vegna þess að færri fyrirspurnir berast frá einstaklingum og stofnunum, en fyrirspurnum frá þingmönnum og starfsmönnum hefur fjölgað milli ára og heimildaleitum jafnframt. Þjónusta upplýsingavaktar er mest notuð yfir þingtímann, en flestar fyrirspurnir berast í mars og maí á vorþingi og í október og nóvember að hausti.


Erindi sem afgreidd voru hjá skjalaafgreiðslu árið 2001 voru alls 2.713 (3.836 árið 2001), sjá sundurliðun í töflu. Þar af voru um 1.852 erindi afgreidd símleiðis (2.518 árið 2001) en gestir sem komu í afgreiðsluna voru 861 (1.318 árið 2000). Gestum og fyrirspurnum hjá skjalaafgreiðslu hefur farið fækkaandi á síðustu árum þar sem skjöl eru aðgengileg á vef Alþingis.

ERINDI TIL SKJALAAFGREIÐSLU ÁRIÐ 2001

Fyrirspurnir í síma

| | Gestir | Starfsmenn, þingmenn | Einstaklingar, stofnanir | Heildar- fjöldi |
|----------------|------------|-------------------------|-----------------------------|--------------------|
| Jan. | 114 | 52 | 162 | 328 |
| Feb. | 70 | 56 | 120 | 246 |
| Mars | 116 | 58 | 131 | 305 |
| Apríl | 91 | 54 | 111 | 256 |
| Maí | 109 | 70 | 186 | 365 |
| Júní | 39 | 29 | 81 | 149 |
| Júlí | 5 | 4 | 15 | 24 |
| Ágúst | 7 | 8 | 25 | 40 |
| Sept. | 29 | 21 | 80 | 130 |
| Okt. | 153 | 74 | 185 | 412 |
| Nóv. | 71 | 63 | 127 | 261 |
| Des. | 57 | 23 | 117 | 197 |
| Samtals | 861 | 512 | 1.340 | 2.713 |

Skrifstofa Alþingis



Yfirstjórn skrifstofu Alþingis

Samkvæmt þingsköpum (9. gr.) hefur forseti Alþingis æðsta vald í stjórnsýslu þess og heyrir skrifstofan því undir hann. **Skrifstofustjóri Alþingis** er yfirmaður skrifstofunnar, ráðinn af forsætisnefnd, og stjórnar hann skrifstofunni í umboði forseta.

Ásamt skrifstofustjóra mynda aðstoðarskrifstofustjóri og rekstrar- og fjármálastjóri **yfirstjórn skrifstofunnar**, framkvæmdastjórn.

Aðstoðarskrifstofustjóri hefur yfirumsjón með þeirri starfsemi skrifstofunnar sem lýtur að hinu eiginlega þingstarfi. Í því felst m.a. umsjón með undirbúningi þingmála og þingfunda. Hann er jafnframt staðgengill skrifstofustjóra Alþingis.

Rekstrar- og fjármálastjóri hefur umsjón með daglegum rekstri þingsins er tengist ekki eiginlegum þingstörfum. Í því felst meðal annars yfirumsjón með fjármálum og starfsmannahaldi auk reksturs fasteigna. Rekstrar- og fjármálastjóra til aðstoðar er rekstrarskrifstofa.

Svið skrifstofunnar

Hlutverk **almennrar skrifstofu** er að vera forseta Alþingis, skrifstofustjóra og yfirstjórn skrifstofunnar til aðstoðar. Skrifstofan hefur því á hendi úrlausn

sérhæfðra verkefna og sameiginlegt skrifstofuhald fyrir forseta, skrifstofustjóra og yfirstjórn.

Helstu verkefni **þingfundasviðs** eru undirbúningur þingfunda, upptaka og úrvinnsla umræðna á þingfundum, þar með talin útgáfa ræðuparts Alþingistíðinda, bæði á vefsíðum og á prenti (B-hluti Alþingistíðinda), og efnisyfirlits Alþingistíðinda, skráning og afgreiðsla þingmála, aðstoð við þingmenn á þingfundum, skjalavarsla og sérverkefni.

Nefndasvið Alþingis hefur tvö meginhlutverk. Annað er aðstoð við fastanefndir Alþingis. Í því felst undirbúningur að starfi nefnda, fagleg aðstoð við yfirferð mála og gerð nefndarálita og breytingartilagna. Þá aðstoðar nefndasvið þingmenn við þingmálagerð og veitir þeim og yfirstjórn þingsins lögfræðilega ráðgjöf. Hitt meginhlutverk sviðsins er útgáfa þingskjala, bæði á prenti og á vefsíðum, og skjalaparts Alþingistíðinda (A-hluta), svo og uppfærsla og umsjón með útgáfu lagasafns. Einnig er veigamikill þáttur í starfi nefndasviðs að veita aðilum utan þings upplýsingar er lúta að nefndastarfi þingsins, fulltrúum félagasamtaka og stofnana sem og einstaklingum.

Upplýsinga- og tæknisvið annast almanna- tengsl, upplýsingaþjónustu og tölvuþjónustu. Upp-

lýsingaþjónusta sinnir skjalaafgreiðslu og upplýsingaþjónustu fyrir þingmenn og starfsfólk og rekur bókasafn Alþingis, almannatengsl annast vefritstjórn, ritstjórn kynningarefnis, móttöku gesta og úrlausn fyrirspurna frá almenningi og tölvudeild rekur tölvunet og tölvu- og hugbúnað Alþingis og annast tillögugerð og framkvæmdir á sviði upplýsingakerfa og tölvumála.

Helstu verkefni **þjónustusviðs** eru þingvarsla, ritarþjónusta, símavarsla, rekstur mötuneytis og ræsting. Í þingvörslu felst ýmis almenn þjónusta, svo sem dreifing fundarboða og þingskjala, sendingar milli húsa, öryggisvarsla í Alþingishúsi og næturvarsla. Ritarar starfa í húsum þar sem þingmenn hafa skrifstofuaðstöðu. Miðstöð símavörslu er á aðalskiptiborði en nokkur milliskiptiborð eru í símkerfinu. Matstofa er í Alþingishúsi og annast starfsmenn í mötuneyti matar- og kaffiþjónustu fyrir þingmenn og starfsmenn Alþingis.

Hlutverk **alþjóðasviðs** er að sinna þjónustu við alþjóðanefndir þingsins, alþjóðastarfi sem heyrir undir forseta Alþingis og prótókollsmálum (siðareglum) almennt. Alþjóðasvið aðstoðar þingmenn við undirbúning fyrir þátttöku í alþjóðlegum fundum, annast samskipti við erlendar stofnanir og erindreka, sinnir gagna- og upplýsingaöflun og undirbýr alþjóðlega þingmannafundi sem haldnir eru á Íslandi. Þá skipuleggur alþjóðasvið opinberar heimsóknir til Alþingis og á þess vegum til annarra landa, sem og móttöku erlendra tignargesta í Alþingishúsinu.

Meginverkefni **rekstrarskrifstofunnar** eru gerð rekstrar- og framkvæmdaáætlunar og umsjón með bókhaldi, ferðaheimildum og ferðauppgjöri auk móttöku og greiðslu reikninga. Rekstrarskrifstofa heldur utan um starfsmannamál og launavinnslu og annast rekstur og viðhald fasteigna ásamt húsbúnaði.

Starfsfólk

Stöðugildi á skrifstofu Alþingis voru 97 árið 2001 að meðtöldu starfsfólki í afleysingastörfum í barnsburðarleyfum og veikindum. Í árslok 2000 voru stöðugildin 97,8. Karlar voru í 40 stöðugildum en konur í 57 stöðugildum.



Ragnheiður Sumarliðadóttir, fulltrúi á nefndasviði, annast margháttuð verkefni fyrir fjárlaganefnd.

Á árinu voru ráðnir 14 starfsmenn en tíu létu af störfum, þar af fóru þrír á eftirlaun.

Auk þess unnu að jafnaði tíu menn í hlutastörfum við ræstingar í húseignum Alþingis í samtals 8,8 stöðum. Þrír verktakar unnu við fjarvinnsluverkefni á þingfundasviði. Þá greiddi Alþingi laun starfsfólks í Jónshúsi í Kaupmannahöfn. Enn fremur annaðist skrifstofa Alþingis umsjón launa starfsmanns Vestnorræna ráðsins.

Starfsmenn Alþingis 1. janúar 2001

Yfirstjórn skrifstofu Alþingis:

Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri.
Helgi Bernóðsson aðstoðarskrifstofustjóri.
Karl M. Kristjánsson, rekstrar- og fjármálastjóri.

Almenn skrifstofa:

Þorsteinn Magnússon forstöðumaður.
Hafdís Þórólfsdóttir ritari.

Þingfundasvið:

Vigdís Jónsdóttir forstöðumaður.
Sigurður Jónsson aðstoðarforstöðumaður.
Ágústa Þorbergsdóttir ræðulesari.
Berglind Karlsdóttir fulltrúi.
Björgvín Kemp tæknistjóri.
Erla Elíasdóttir ræðuritari.
Hlöðver Ellertsson ræðulesari.
Jón E. Böðvarsson ritstjóri.
Jón Ólafsson ræðuritari.
Jóna Guðmundsdóttir ræðuritari.
Kjartan H. Grétarsson ræðulesari.
María Gréta Guðjónsdóttir ritstjóri.
Pétur Einarsson, umsjónarmaður skjalageymslu.
Sigurlín Hermannsdóttir ritstjóri.
Svanhildur Edda Þórðardóttir ræðulesari.
Sverrir Herbertsson, umsjónarmaður skjalageymslu.
Úlfar Sveinbjörnsson hljóðupptökumaður.

Nefndasvið:

Hafdís Ólafsdóttir forstöðumaður.
Ágúst Geir Ágústsson nefndarritari.
Álfhildur Álfþórsdóttir skjalalesari.
Bjarndís Gunnarsdóttir matráðskona.
Friðrik Magnússon, umsjónarmaður lagasafns.
Guðmundur Guðbergsson umsjónarmaður.
Guðrún Þóra Guðmannsdóttir ritstjóri.
Hanna Sigríður Garðarsdóttir aðstoðar-
matráðskona.
Haukur Hannesson skjalalesari.
Helga Erla Þórisdóttir nefndarritari.
Hildur Njarðvík nefndarritari.
Hugrún R. Hólmgeirsdóttir skjalalesari.
Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður.

Sigrún Brynja Einarisdóttir nefndarritari.
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari.
Sigurður R. Sigurjónsson nefndarritari.
Svala Valdemarsdóttir ritstjóri.
Þórarinn Þorgeirsson nefndarritari.
Þórdís G. Kristleifsdóttir skjalalesari.

Upplýsinga- og tæknisvið:

Haukur Arnþórsson forstöðumaður.
Bragi Þorgrímur Ólafsson upplýsingafræðingur.
Guðbjörg Kristín Kjartansdóttir fulltrúi.
Guðný Ragnarsdóttir, bókasafns- og
upplýsingafræðingur.
Guðríður Bryndís Jónsdóttir fulltrúi.
Hildur Gróa Gunnarsdóttir upplýsingafulltrúi.
Ingvi Stígsson gagnagrunnsstjóri.
Kristín Geirsdóttir deildarstjóri.
Ragnar Torfi Jónasson tæknistjóri.
Solveig K. Jónsdóttir deildarstjóri.
Sveinn Ásgeir Jónsson kerfisstjóri.
Viggó K. Gíslason, bókasafns- og
upplýsingafræðingur.
Þorbjörg Árnadóttir tölvukennari.

Þjónustusvið:

Ólöf Þórarinsdóttir forstöðumaður.
Anna Albertsdóttir sendill.
Arnar Freyr Vilmundarson næturvörður.
Bentína Haraldsdóttir umsjónarmaður.
Bentína Jónsdóttir, ræsting.
Erlendur Sveinsson yfirþingvörður.
Erna Sampsted, ræsting.
Guðfinna Gísladóttir þingvörður.
Guðlaugur Ágústsson, deildarstjóri þingvörslu.
Guðríður Sigurðardóttir, ræsting.
Gunnar Már Jóhannsson næturvörður.
Halldóra Guðjónsdóttir fatavörður.
Heinz H. Steimann næturvörður.
Hlynur Þór Gestsson næturvörður.
Hulda Guðrún Kristjánisdóttir þingvörður.
Jensína Stefánsdóttir framreiðslukona.
Jóhanna Guðfinnsdóttir, ræsting.
Jón Elías Gunnlaugsson næturvörður.
Kristín Theódóra Þórarinsdóttir sendill.



Bjarníðs Gunnarsdóttir og Hanna Sigríður Garðarsdóttir annast veitingaþjónustu nefndasviðs í Austursæti 8–10A.

Kristján Vignir Hallsson næturvörður.
Magnúsína Valdemarsdóttir símvörður.
Margrét Ósk Árnadóttir ritari.
Ólafía K. Jónsdóttir ritari.
Ólöf Guðmundsdóttir, ræsting.
Ragnheiður Sumarliðadóttir fulltrúi.
Rakel Viggósdóttir ritari.
Rannveig Haraldsdóttir ritari.
Rannveig Haraldsdóttir símvörður.
Regína Óskarsdóttir ritari.
Sigríður Guðmundsdóttir símvörður.
Sigríður Jónsdóttir ritari.
Sigríður Helga Völundardóttir þingvörður.
Sigurlaug Magnúsdóttir símvörður.
Símon S. Sigurjónsson, eftirlitsmaður hústölvu.
Sveinbjörg S. Björnsdóttir framreiðslukona.
Sveinborg Steinunn Olsen, ræsting.
Þorbjörg Sigríður Þorsteinsdóttir framreiðslukona.
Þorgeir Jónsson, ljósritun.

Þormóður Sveinsson þingvörður.
Þórir J. Hall þingvörður.

Rekstrarskrifstofa:

Páll Haraldsson forstöðumaður.
Ágúst Karlsson aðalbókari.
Fjóra Valdimarsdóttir, gjaldkeri, launaritari.
Gunnar Ingibergsson, umsjónarmaður fasteigna.
Katrín Hermannsdóttir fulltrúi.
Ragnar Bragason, aðstoðarmaður umsjónarmanns fasteigna.

Alþjóðasvið:

Belinda Theriault forstöðumaður.
Andri Lúthersson alþjóðaritari.
Einar Farestveit alþjóðaritari.
Erla Nanna Jóhannesdóttir fulltrúi.
Jóhanna Helga Halldórsdóttir alþjóðaritari.

Húseignir Alþingis

Starfsemi á vegum Alþingis fór fram í 12 húseignum í miðborginni árið 2001. Að auki er Jónshús í Kaupmannahöfn í umsjá Alþingis, svo og fræðimannsíbúð sem tengd er Jónshúsi. Þá leigir Alþingi geymsluhúsnæði í Faxaskála.

Í eigu Alþingis er allur reiturinn sem markast af Kirkjustræti, Templarasundi, Vonarstræti og Tjarnargötu, ef frá er talið Vonarstræti 10 sem er í eigu Oddfellow-reglunnar. Þetta svæði er gjarnan kallað „Alþingisreiturinn“. Alþingishúsið er við Kirkjustræti 14, en við Kirkjustræti standa þrjú önnur hús Alþingis, þ.e. nr. 6, Skjaldbreið, nr. 8, Blöndahlshús, og nr. 10, Kristjánshús. Blöndahlshús og Kristjánshús voru endurgerð 1996 og tekin í notkun fyrir starfsemi Alþingis. Þá á Alþingi tvö hús við Vonarstræti, nr. 8 og 12. Skjaldbreið er ekki lengur í notkun og er framtíð þess óráðin. Skrifstofur þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins eru í Vonarstræti 12 en almenn skrifstofustarfsemi fer fram í öðrum húsum.

Einnig er Þórshamar við Templarasund 2 í eigu Alþingis. Skólabrú 2 var seld á árinu. Fluttist bókasafn og upplýsingaþjónusta (sem var til húsa í Skóla-

brú 2), svo og tölvudeild, í Þórshamar í ársbyrjun 2002.

Alþingi leigir skrifstofuhúsnæði við Austurstræti. Í Austurstræti 8–10 leigir þingið 2.–5. hæð. Þar eru fastanefndirnar og skrifstofur þingmanna Sjálfstæðisflokks. Þá eru 2. og 3. hæð í Austurstræti 10A leigðar. Fjárlaganefnd er á 2. hæð og skrifstofur þingmanna Framsóknarflokks eru á 3. hæð. Loks er 5. hæð í Austurstræti 12 leigð fyrir alþjóðasvið skrifstofu Alþingis og 2.–4. hæð í nr. 14 fyrir þingmenn Samfylkingarinnar.

Húsnæði Alþingis hefur þótt óhentugt sökum þess hve dreifð starfsemin er. Fyrirhugað er að reisa framtíðarhúsnæði Alþingis á „Alþingisreitnum“ og selja og losa úr leigu húsnæði utan reitsins. Fastmótadar áætlanir liggja þó ekki enn fyrir um hvenær og hvernig uppbyggingin verður. Framkvæmdir við fyrsta áfanga 1.000 fermetra þjónustuhúss („Skála“) vestan Alþingishússins hófust á árinu 1999, auk 1.000 fermetra bílastæðis sem verður í kjallara. Innangengt verður milli Alþingishússins og Skálans. Framkvæmdum við þennan áfanga lýkur haustið 2002.



*Þjónustuhús, so-
kallaður Skáli, ris
vestan við Alþingis-
húsið. Honum er ætlað
að bæta aðstöðu þing-
manna og fréttamanna
og aðgengi að Alþingi.*

Sérstök verkefni

90 ár frá stofnun Háskóla Íslands

Hátíðarsamkoma var haldin í Alþingishúsinu 17. júní 2001 í tilefni þess að 90 ár voru liðin frá stofnun Háskóla Íslands í Alþingishúsinu á aldaraufmæli Jóns Sigurðssonar 1911. Háskólinn var til húsa í Alþingishúsinu fram til 1940 er hann fékk eigið húsnaði. Á hátíðarsamkomunni fluttu ræður Halldór Blöndal, forseti Alþingis, Björn Bjarnason menntamálaráðherra, Páll Skúlason, rektor HÍ, og Þorvarður Tjörvi Ólafsson, formaður stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Ávörpin eru birt í viðauka aftan við ársskýrsluna.



Forseti Íslands og aðrir gestir hlýða á Heimi Þorleifsson flytja erindi í hátíðarsal MR á 150 ára afmæli Þjóðfundarins.

150 ára afmæli Þjóðfundarins

Forsætisnefnd Alþingis ákvað að minnast 150 ára afmælis Þjóðfundar Íslendinga í hátíðarsal Menntaskólans í Reykjavík 5. júlí 2001 en þar var Þjóðfundurinn settur og haldinn 1851. Þjóðfundurinn er talinn marka upphaf sjálfstæðisbaráttu Íslendinga en Jón Sigurðsson og fylgismenn hans settu fram á formlegan hátt kröfur landsmanna um stöðu Íslands gagnvart konungi. Ávörp og erindi

fluttu Halldór Blöndal, forseti Alþingis, Ragnheiður Torfadóttir, rektor MR, Heimir Þorleifsson sagnfræðingur, Sigurður Líndal lagaprófessor og Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður.

Ávörpin eru birt í viðauka aftan við ársskýrsluna.

Heildarútgáfa verka Snorra Sturlusonar

Í tilefni 150 ára afmælis Þjóðfundarins samþykkti Alþingi að veita 5 milljóna króna styrk til að myndskreyta heildarsafn verka Snorra Sturlusonar í nýrri útgáfu.

Þjóðvinafélagið

Alþingi veitir Þjóðvinafélaginu árlega fjárstuðning til útgáfumála og annast bókhald þess. Þjóðvinafélagið var stofnað af Jóni Sigurðssyni 1871 og það heldur eitt félagi í landinu aðalfund sinn í fundarsal Alþingis.



Páll Skúlason rektor flytur ræðu í tilefni af 90 ára afmæli Háskóla Íslands á hátíðarsamkomu sem var haldin í þingsal Alþingis.

Stofnanir Alþingis

Umboðsmaður Alþingis

Umboðsmaður Alþingis starfar samkvæmt lögum nr. 85/1997. Hlutverk hans er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins.

Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði. Nánar er kveðið á um hlutverk umboðsmanns í reglum nr. 82/1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, sbr. reglur nr. 106/1994.

Umboðsmaður Alþingis er kjörinn til fjögurra ára í senn. Á haustþingi 1999 var Tryggvi Gunnarsson, þá settur umboðsmaður, kjörinn umboðsmaður Alþingis til fjögurra ára, frá 1. janúar 2000 að telja. Fastráðnir starfsmenn umboðsmanns Alþingis voru sjö í árslok 2001.

Ríkisendurskoðun

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar og lögum nr. 86/1997. Meginhlutverk stofnunarinnar er að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur skal hún annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Þá getur stofnunin m.a. framkvæmt stjórnarsýslu- og umhverfisendurskoðanir.

Forsætisnefnd Alþingis ræður ríkisendurskoðanda til sex ára í senn. Sigurður Þórðarson var ráðinn í embætti ríkisendurskoðanda til næstu sex ára frá og með 1. júlí 1998. Fastráðnir starfsmenn voru í árslok 2001 43 talsins. Enn fremur voru á sama tíma í gildi samningar við 13 löggilta endurskoðendur eða skrifstofur um endurskoðun ríkisfyrirtækja og stofnana.

Jónshús í Kaupmannahöfn

Jónshús í Kaupmannahöfn hefur verið í eigu Alþingis frá árinu 1967 er Carl Sæmundsen stórkaupmaður gaf það í minningu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur, en þau hjón bjuggu í húsinu frá árinu 1852 allt til dauðadags 1879. Húsið er við Öster-Voldgade 12. Árið 1970 hófst rekstur í húsinu. Þar er nú félagsheimili Íslendinga í Kaupmannahöfn, minningarsafn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur og bókasafn. Einnig hafa Stúdentafélagið, Íslendingafélagið, íslenski söfnuðurinn og sendiráðspresturinn aðstöðu í húsinu. Þá er íbúð umsjónarmanns í húsinu, en þar var áður íbúð sendiráðsprests sem gegndi jafnframt stöðu umsjónarmanns.

Árið 1991 var keypt íbúð við Skt. Paulsgade 70 fyrir fræðimann, en fræðimenn höfðu haft íbúð í Jónshúsi til þess tíma.

Stjórn Jónshúss ber ábyrgð á rekstri hússins í umboði forseta Alþingis og forsætisnefndar.

Nýr vefur Jónshúss, *jonshus.dk*, var opnaður í júní 2001, en þá var haldið upp á þrjátíu ára félagsstarfsemi í húsinu. Starfsmenn skrifstofu Alþingis önnuðust endurnýjun vefsins. Nýtt merki fyrir Jónshús ásamt útliti á vefnum var hannað af Gagarín ehf.

Rekstur Alþingis



Rekstrargjöld

Fjárheimildir Alþingis á fjárlögum og fjáráukalögum 2001 námu samtals 1.378 m.kr.

Útgjöld Alþingis umfram sértekjur námu 1.396,3 m.kr. Útgjöld voru því 18,3 m.kr. umfram fjárheimild ársins.

Almenn rekstrarútgjöld námu 1.147 m.kr., rekstur og viðhald fasteigna 143,7 m.kr., framkvæmdir við húseignir 66,2 m.kr. og stofnkostnaður við tæki og búnað 39,3 m.kr. Framkvæmdir við þjónustuskála eru ekki meðtaldar.

Bein útgjöld í tengslum við þingstörfín voru 701,1 m.kr. Eru það laun alþingismanna, þingfarar-kaup og hvers konar bein útgjöld í tengslum við


störf þeirra, innan lands og utan, þingfararkostnaður. Enn fremur er talinn kostnaður við störf fastanefnda, alþjóðanefnda og erlend samskipti forsætisnefndar. Til þessa telst einnig prentun Alþingistiðinda og annarra skjala, svo og sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka.

Launa- og starfsmannagjöld skrifstofu Alþingis námu 329,8 m.kr. Útgjöld við sérstök verkefni, rekstur Jónshúss í Kaupmannahöfn og fræðimannsíbúðar, styrkur til útgáfu á verkum Snorra Sturlusonar o.fl., námu 16,8 m.kr. Loks námu sameiginleg útgjöld, þar á meðal rekstur tölvu- og hugbúnaðar og ýmis skrifstofukostnaður, 110,5 m.kr.

Staðfesting forseta Alþingis og skrifstofu

Forseti Alþingis, skrifstofustjóri Alþingis og rekstrar- og fjármálastjóri staðfesta ársreikning Alþingis fyrir árið 2001 með áritun sinni.


Alþingi, 3. apríl 2002



Halldór Blöndal
forseti Alþingis



Friðrik Ólafsson
skrifstofustjóri Alþingis



Karl M. Kristjánsson
rekstrar- og fjármálastjóri

Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Alþingis fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar og sundurliðanir nr. 1–26. Ársreikningurinn er lagður fram af yfirstjórn Alþingis og á ábyrgð hennar, í samræmi við lög og starfsskyldur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Alþingis á árinu 2001 og efnahag 31. desember 2001, í samræmi við lög og góða reikningskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 8. apríl 2002



Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi



Sigurjón I. Haraldsson

Rekstrarreikningur fyrir árið 2001

| | 2001 | 2000 |
|---|------------------------|------------------------|
| Rekstrartekjur | | |
| Sölutekjur | 7.333.098 | 9.089.852 |
| Aðrar tekjur | 3.222.472 | 30.990.114 |
| Tekjur alls | <u>10.555.570</u> | <u>40.079.966</u> |
| Rekstrargjöld | | |
| Alþingiskostnaður | 487.774.008 | 455.123.750 |
| Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka | 46.700.000 | 46.700.000 |
| Fastanefndir | 96.803.247 | 84.400.530 |
| Alþjóðasamstarf | 101.248.539 | 132.015.680 |
| Almenn skrifstofa, yfirstjórn | 36.305.848 | 33.260.268 |
| Rekstrarskrifstofa | 45.703.582 | 38.771.847 |
| Þingfundasvið | 86.520.186 | 80.345.181 |
| Upplýsinga- og tæknisvið | 102.612.598 | 85.130.275 |
| Þjónustusvið | 137.743.507 | 121.702.880 |
| Sérverkefni | 16.826.276 | 68.696.777 |
| Rekstur fasteigna | 116.400.822 | 90.110.192 |
| | <u>1.274.638.613</u> | <u>1.236.257.380</u> |
| Viðhald fasteigna | 27.266.243 | 18.999.727 |
| Stofnkostnaður | 105.476.193 | 291.451.615 |
| Gjöld alls | <u>1.407.381.049</u> | <u>1.546.708.722</u> |
| Tekjuafgangur (halli) án fjármagnsliða | <u>(1.396.825.479)</u> | <u>(1.506.628.756)</u> |
| Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld) | 522.069 | 2.312.118 |
| Tekjuhalli án ríkisframlags | <u>(1.396.303.410)</u> | <u>(1.504.316.638)</u> |
| Ríkisframlag | <u>1.378.000.000</u> | <u>1.466.800.000</u> |
| (Tekjuhalli) afgangur | <u>(18.303.410)</u> | <u>(37.516.638)</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2001

Eignir

| | 2001 | 2000 |
|---------------------------------|----------------------|----------------------|
| Áhættufé | | |
| Hlutfé Intís hf. | 92.000 | 92.000 |
| Ríkissjóður | 0 | 57.457.838 |
| Veltufjármunir | | |
| Gjafabirgðir | 386.023 | 529.263 |
| Viðskiptakröfur | 6.435.011 | 17.739.388 |
| Handbært fé | 2.971.796 | 8.866.594 |
| Veltufjármunir alls | <u>9.792.830</u> | <u>27.135.245</u> |
| Eignir alls | <u>9.884.830</u> | <u>84.685.083</u> |
| Skuldir og eigið fé | | |
| Höfuðstóll | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | (13.441.624) | 24.075.014 |
| Tekjuafgangur ársins | (18.303.410) | (37.516.638) |
| Höfuðstóll alls | <u>(31.745.034)</u> | <u>(13.441.624)</u> |
| Annað eigið fé | | |
| Endurmatsreikningur | (307.611) | 475.442 |
| Framlag til eignamyndunar | 92.000 | 92.000 |
| Annað eigið fé samtals | <u>(215.611)</u> | <u>567.442</u> |
| Eigið fé í árslok | <u>(31.960.645)</u> | <u>(12.874.182)</u> |
| Ríkissjóður | 333.973 | 0 |
| Langtímaskuldir | | |
| Realkredit Danmark | <u>5.245.957</u> | <u>4.942.560</u> |
| Skammtímaskuldir | | |
| Viðskiptaskuldir | <u>36.265.545</u> | <u>92.616.705</u> |
| Skuldir og eigið fé alls | <u>9.884.830</u> | <u>84.685.083</u> |

Skýringar með ársreikningi 2001 (útdráttur)

Reikningsskilaaðferð

Reikningsskil Alþingis eru með sama hætti og almennt tíðkast hjá A-hluta stofnunum. Þannig eru áhrif almennra verðbreytinga ekki færð í ársreikninginn. Eignir eru gjaldfærðar þegar þær eru keyptar og því ekki færðar upp í efnahagsreikningi. Skrá er haldin um eignir Alþingis. Reikningsskilin eru frábrugðin reikningsskilum A-hluta stofnana að því leyti að framlag ríkisins er fært í rekstrarreikning stofnunarinnar en ekki eiginfjárreikning hennar.

Fjárheimildir og greiðslur

Framlög á fjárlögum til Alþingis námu 1.308,1 millj. kr. Viðbótarfjárheimild á fjárukalögum nam samtals 46 millj. kr. og skiptist hún þannig að 3 millj. kr. voru veittar til að mæta útgjöldum við samstarfsverkefni vestnorrænu landanna, 5 millj. kr. voru veittar til hátíðarútgáfu á verkum Snorra Sturlusonar og 38 millj. kr. af söluandvirði Skólabrúar runnu til framkvæmda við fasteignir Alþingis. Þá námu verðbætur á laun 23,9 millj. kr. Fjárheimildir ársins námu þannig samtals 1.378 millj. kr., en útgjöld Alþingis umfram sértekjur námu 1.396 millj. kr. Útgjöld voru því 18,3 millj. kr. umfram fjárheimild ársins.

Fjárheimildir ársins 2001 skiptast eins og að neðan greinir eftir viðföngum (fjárhæðir í þús. kr.):

| | Reikningur 2001 | Fjárheimild 2001 | Mismunur |
|---------------------------------------|--------------------|---------------------|-----------|
| Alþingiskostnaður | 487.774 | 483.600 | (4.174) |
| Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka | 46.700 | 46.700 | (0) |
| Fastanefndir | 96.803 | 76.000 | 20.803 |
| Alþjóðasamstarf | 101.249 | 82.800 | 18.449 |
| Almennur rekstur | 408.886 | 432.500 | (23.614) |
| Sérverkefni | 16.826 | 26.600 | (9.774) |
| Rekstur fasteigna | 116.401 | 109.000 | 7.401 |
| Viðhald fasteigna | 27.266 | 26.000 | 1.266 |
| Stofnkostnaður, tæki | 105.476 | 103.000 | 2.476 |
| Fjármagnskostnaður | 423 | | 423 |
| Gjöld, fjárheimildir samtals | 1.407.804 | 1.386.200 | (21.604) |
| Sértekjur | (11.501) | (8.200) | (3.301) |
| Mismunur | 1.396.303 | 1.378.000 | (18.303) |

Tegundir gjalda

Gjöld ársins 2001 umfram tekjur námu 1.396.303 þús. kr. og skiptast þannig:

| | 2001 | 2000 |
|--|-----------------------|-----------------------|
| Launakostnaður skrifstofu Alþingis | 329.068.843 | 291.038.713 |
| Þingfararkostnaður og biðlaun | 410.048.378 | 385.392.126 |
| Önnur gjöld | 616.315.454 | 821.564.752 |
| Tilfærslur | <u>52.371.757</u> | <u>49.123.335</u> |
| Gjöld samtals | 1.407.804.432 | 1.547.118.926 |
| Sértekjur | (<u>11.501.022</u>) | (<u>42.802.288</u>) |
| Gjöld umfram tekjur | <u>1.396.303.410</u> | <u>1.504.316.638</u> |

Fjárhæðir eru á verðlagi hvors árs en verðhækkun milli áráanna 2000 og 2001 er metin þannig að launakostnaður á skrifstofu Alþingis hafi hækkað um 13,1% og þingfararkostnaður alþingismanna og varamanna og biðlaun um 6,4%. Önnur gjöld lækkuðu um 25%. Sértekjur lækkuðu um 73,1% og er skýringin sú að á árinu 2000 tók Alþingi að sér framkvæmdir við sameign á vegum húseigenda samkvæmt leigusamningi. Fyrir það fékk Alþingi greiddar 30 millj. kr. Rekstrargjöld stofnunarinnar að frádregnum sértekjum lækkuðu um 107,2 millj. kr. á milli ára eða um 7,2%.

Launagjöld og tegundaskipting

Launagjöld Alþingis skiptast í þingfararkaup alþingismanna og varamanna, biðlaun og laun starfsmanna Alþingis.

| | 2001 | 2000 |
|----------------------------|--------------------|--------------------|
| Alþingismenn | | |
| Þingfararkaup | 357.056.649 | 331.503.804 |
| Launatengd gjöld | 52.178.346 | 46.295.345 |
| Skrifstofa Alþingis | | |
| Dagvinna | 171.794.083 | 148.741.587 |
| Vaktaálagsgreiðslur | 5.327.367 | 4.483.834 |
| Aukagreiðslur | 68.482.611 | 63.430.125 |
| Yfirvinna | 23.299.832 | 28.396.806 |
| Launatengd gjöld | <u>60.978.333</u> | <u>53.579.338</u> |
| Samtals | <u>739.117.221</u> | <u>676.430.839</u> |

Skuldbindingar utan efnahags

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar fyrir starfsmenn Alþingis eru áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs eru lífeyrisskuldbindingar ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur færðar í einu lagi hjá ríkissjóði. Lífeyrisskuldbindingar fyrir starfsmenn Alþingis hafa ekki verið reiknaðar sérstaklega.

Orlofsskuldbinding

Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er áunnin orlofsskuldbinding í árslok ekki færð í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana. Orlofsskuldbindingar fyrir starfsmenn Alþingis frá maí til desember 2001 hafa ekki verið reiknaðar sérstaklega.

Sundurlíðanir

Alþingiskostnaður

Þingfararkostnaður, fastar greiðslur, er starfskostnaður, ferðakostnaður í kjördæmi og húsnæðis- og dvalarkostnaður. Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur, er ýmis kostnaður samkvæmt reikningum tengdum alþingismönnum, svo sem símakostnaður, ferðakostnaður innan lands, dagblaðakaup, tryggingar o.fl.

| | 2001 | 2000 |
|--|--------------------|--------------------|
| Þingfararkaup | 318.365.475 | 297.714.618 |
| Þingfararkostnaður, fastar greiðslur | 91.682.903 | 87.677.508 |
| Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur | <u>77.725.630</u> | <u>69.731.624</u> |
| Samtals | <u>487.774.008</u> | <u>455.123.750</u> |

Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka

Sérfræðiaðstoð er greiðsla Alþingis til þingflokka samkvæmt fjárlögum.

| | 2001 | 2000 |
|--|-------------------|-------------------|
| Þingflokkur Framsóknarflokks | 8.927.940 | 8.927.940 |
| Þingflokkur Sjálfstæðisflokks | 18.542.648 | 18.542.648 |
| Þingflokkur Samfylkingarinnar | 12.361.764 | 12.361.764 |
| Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs | 4.807.352 | 4.807.352 |
| Þingflokkur Frjálslynda flokksins | <u>2.060.296</u> | <u>2.060.296</u> |
| Samtals | <u>46.700.000</u> | <u>46.700.000</u> |

Alþjóðasamstarf

Kostnaður við alþjóðasamstarf Alþingis felst annars vegar í rekstri skrifstofu alþjóðasviðs og hins vegar í kostnaði við starfsemi alþjóðanefnda, auk alþjóðasamstarfs á vegum forseta og forsætisnefndar.

Útgjöld við alþjóðanefndir þingsins eru fyrst og fremst ferðakostnaður, kostnaður við ráðstefnuhald og þátttökugjöld. Árið 2001 urðu breytingar í starfsemi Norðurlandaráðs, vinnuhópar hittust oft og sérstakir aukafundir voru haldnir.

| | 2001 | 2000 |
|---|--------------------|--------------------|
| Skrifstofa alþjóðasviðs | 22.475.680 | 23.441.368 |
| Íslandsdeild Norðurlandaráðs | 17.900.173 | 11.906.041 |
| Norðurlandþing í Reykjavík | 0 | 36.721.306 |
| Þingmannasamtök NATO | 6.160.611 | 3.474.947 |
| Þingmannanefndir Evrópuráðsins | 7.837.333 | 6.903.955 |
| Þingmannafundir EFTA | 6.734.178 | 6.765.688 |
| Alþjóðþingmannasambandið | 6.672.786 | 4.785.445 |
| Vestnorræna ráðið | 8.728.367 | 7.605.568 |
| Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna | 4.127.832 | 3.574.382 |
| RÖSE-þingið | 1.971.529 | 2.225.440 |
| Vestur-Evrópusambandið | 2.276.929 | 2.020.637 |
| Alþjóðasamstarf á vegum forsætisnefndar | 13.979.988 | 19.929.021 |
| Annað erlent samstarf | 2.383.134 | 2.661.882 |
| Samtals | <u>101.248.540</u> | <u>132.015.680</u> |


Alþjóðasamstarf á vegum forsætisnefndar

Útgjöld, sem falla undir alþjóðasamstarf á vegum forseta og forsætisnefndar, eru þrjúþætt. Í fyrsta lagi eru heimsóknir forseta Alþingis til erlendra þinga og aðrar opinberar heimsóknir sendinefnda frá Alþingi. Í öðru lagi eru móttökur erlendra gesta í boði Alþingis. Í þriðja lagi eru fundir og ráðstefnur erlendis sem fé er veitt til með sérstakri heimild forsætisnefndar. Heimsóknir erlendis og móttaka erlendra gesta tengist samstarfi forseta Alþingis og forsætisnefndar við forseta og forsætisnefndir annarra þjóðþinga. Ýmsir fundir og ráðstefnur erlendis fela í sér þátttöku einstakra þingmanna sem ekki fellur undir reglulegt starf þingmannanefnda.

| | 2001 | 2000 |
|---|-------------------|-------------------|
| Móttaka erlendra gesta | 3.894.608 | 7.539.336 |
| Ýmsir fundir og ráðstefnur erlendis | 4.231.520 | 6.697.213 |
| Heimsóknir erlendis | <u>5.853.860</u> | <u>5.692.472</u> |
| Samtals | <u>13.979.988</u> | <u>19.929.021</u> |

Ávörp

flutt á 90 ára afmæli Háskóla Íslands
og 150 ára afmæli Þjóðfundarins



*Ávarp Halldórs Blöndals,
forseta Alþingis*

Háskóli Íslands var settur í fyrsta skipti hér í þingsalnum þegar öld var liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta. Að svo skyldi hittast á var Íslendingum kærkomið: Að minnast leiðtoga síns svo myndarlega með því að stíga skref til framtíðar.


Fyrsta tölublað Nýrra félagsrita kom út árið 1841 og þegar á fyrstu blaðsíðu er fjallað um nauðsyn prestaskóla á Íslandi. Ári síðar skrifar Jón forseti um skóla á Íslandi og skýrgreinir í upphafi greinarinnar hvað fyrir honum vakir:

„Það eru einkum þrjú efni, sem oss Íslendingum standa á mestu að útkljáð verði bæði fljótt og vel: það er alþingismálið, skólamálið og verzlunarmálið. Undir því hvernig þessi mál verða kljáð, hvernig þetta þrennt kemst á fót, er að miklu leiti komin framför vor, og að vísu það, hvað bráðgjör hún verður. Alþing á að vekja og glæða þjóðlífið og þjóðarandann, skólinn á að tendra hið andliga ljós, og hið andliga afl, og veita alla þá þekkingu, sem gjöra má menn hæfiliga til framkvæmdar öllu góðu, sem auðið má verða, verzlunin á að styrkja þjóðaraflíð líkamliga, færa velmegun í landið, auka og bæta atvinnuvegi og handiðnir, og efla með því aftur hið andliga, svo það verði á ný stofn annarra enn æðri og betri framfara og blómgunar eptir því sem tímar líða fram.“

Með þessum fáu orðum skýrir Jón Sigurðsson samhengið milli menntunar og almennra framfara með svo rökvísam hætti að það hefur ekki verið betur gert síðar, og er eftirtektarvert að hann lagði upp úr verklegri og hagnýtri kennslu og kunnáttu.

Hann fylgir málinu síðan eftir í ræðu og riti, m.a. strax á fyrsta þingi hins endurreista Alþingis árið 1845, þegar hann bar upp bænarskrá með 24 undirskrifuðum nöfnum íslenskra kandiðata og stúdenta í Kaupmannahöfn þar sem þess var beðist að þjóðskóli yrði stofnsettur á Íslandi með meiru.

Þá höfðu orðið straumhörf í skólamálum hér á landi sem rakin eru til baráttu þeirra Baldvins Einarssonar, Tómasar Sæmundssonar og Jóns Sigurðssonar. Konungur hafði úrskurðað 7. júní 1841 að Lærði skólinn skyldi fluttur frá Bessastöðum til



Halldór Blöndal, forseti Alþingis.

Reykjavíkur og prestaskóli stofnaður um leið. Ári síðar var Lærða skólanum valinn staður, tilhöggvinn efniviður fluttur til landsins frá Noregi 1844 og húsið fullgert vorið 1846.

Þetta voru mikil tíðindi og hreyfðu við mönnum. Á Saurum var Jónas Hallgrímsson hjá vini sínum og samstarfsmanni, náttúrufræðingnum Steenstrup, að vinna að Íslandslýsingu og komið að því að hann þyrfti að hverfa aftur í eymdina í Kaupmannahöfn. Þá skrifaði hann vini sínum Konráði Gíslasyni bréf í marz 1844: „Bráðum verður sett gymnasium heima, segir þú, og ég muni geta farið úr görmunum! ertu að gera gabb að mér? þú mátt úr flokki tala sem hefir að vísu embætti að ganga.“

Og skyndilega hefur líf Jónasar Hallgrímssonar fengið nýjan tilgang. Hann þykist fá handfestu á líf sitt: „ég vildi heldur geta orðið kennari við góðan skóla á Íslandi en allt annað. Þar get ég enn unnið skamma eða langa stund, hvor veit nema 20 ár ef guð vildi lofa, og hvað mætti þá ekki vera létt upp koldimmunni úr Íslandi.“

Jónas segist geta kennt náttúrusögu og náttúrufræði, jarðfræði og hvað sem vill af mæling og reikningi og bætir við: „Hér ríður á að reisa embættið, þá er ég sem stendur maðurinn. Gáðu að því, að ég meðal annars þekki allt Ísland og flesta menn á Ís-

landi og er vinsæll og eini maðurinn sem stendur sem gæti komið í lag náttúrusafni heima ef ég fengi tóm og húsrúm.“

Fleiri vinum sínum skrifaði Jónas en þeir komust ekkert áleiðis með honum og var hann þó kynslóð eða kynslóðum á undan öðrum löndum sínum sem vísindamaður, og sem náttúrufræðingur bæði gáfaður og skarpskyggn, vel menntaður og stórhuga. Sú er umsögn Sigurðar Steinþórssonar prófessors.

Jónas Hallgrímsson sá rofa fyrir nýjum degi í menningarsögu þjóðar sinnar, þar sem hann lést í einstæðingsskap sínum í Kaupmannahöfn 26. maí 1845. En hann var of snemma á ferðinni og þjóð hans ekki þess umkomin að taka við honum.

*Visindin efla alla dáð,
orkuna styrkja, viljann hvesa,
vonina glæða, hugann hressa,
farsældum vefja ljóð og láð.*

Háskólamálinu var haldið vakandi á Alþingi á öllum þingum þess, uns það náðist fram. Þingskörungurinn Benedikt Sveinsson lét heldur en ekki að sér kveða og Þorbjörg Sveinsdóttir systir hans stóð fremst í flokki 200 kvenna sem stofnuðu Hið íslenska kvenfélag 26. janúar 1894 til styrktar háskóla á Íslandi.

Auðvitað lágu fyrir því almenn rök. En til viðbótar var að konurnar vildu ekki missa son sinn, bróður eða unnusta í sollinn í Kaupmannahöfn. Þær vissu líka, eða þóttust vita, að þess yrði skammt að bíða að konur ættu jafnt og karlar aðgang að menntastofnunum landsins – að þeim gæfist færi á að nota hæfilegleika sína og krafta eftir því sem þær óskuðu og gætu við komið, eins og Ólafía Jóhannsdóttir orðaði það.

17. júní 1911 markar aldahvörf í sögu okkar með því að þá var Háskóli Íslands settur fyrsta sinni. Þess minnumst við með þakklæti og stolti hér í dag.

*Ávarp Björns Bjarnasonar
menntamálaráðherra*

Hér á þessum stað var Háskóli Íslands stofnaður á hádegi 17. júní 1911, á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta.

Klemenz Jónsson landritari las á dönsku símskeyti frá Friðriki konungi hinum áttunda sem óskaði þess að háskólinn mætti verða til heiðurs fyrir vísindin og til gagns fyrir land og lýð. Hlýddu menn standandi á kveðju konungs og því næst lét Björn M. Ólsen rektor hrópa nífalt húrra fyrir konungi. Þá afhenti landritari háskólaráði skólann til þess að hann tæki til starfa lögum samkvæmt.

Hátíðarbragur var mikill eins og hæfir hinni virðulegu umgjörð, en þegar frásögn af atburðinum er lesin vekur setningarræða Björns M. Ólsens mesta athygli fyrir víðsýni og djúpan skilning á markmiði háskóla. Í ljósi sögunnar er ekki vafi á því að framsýni hans hefur ráðið miklu um velgengni skólans í 90 ár. Rektor vildi að háskólinn yrði vísindaleg stofnun sem nyti fullkomins rannsóknar- og kennslufrelsis. „Frjáls rannsókn og frjáls kennsla er eins nauðsynleg fyrir háskólana og andarrátturinn er fyrir einstaklinginn,“ sagði hann og síðar: „Út frá góðum háskólum ganga hollir andlegir straumar til hinna ungu menntamanna og frá þeim út í allar æðar þjóðarlíkamans. Þessir straumar hafa vekjandi áhrif á þjóðernistilfinninguna en halda henni þó í réttum skorðum, svo að hún verður ekki að þjóðdrambi eða þjóðernisrembingi. Sannmenntaður maður elskar þjóðerni sitt og tungu en hann miklast ekki af þjóðerni sínu, fyrirlítur ekki aðrar þjóðir né þykist upp yfir þær hafinn.“

Á þessi boðskapur ekki síður erindi til okkar allra þegar við höldum þjóðhátíð á afmælisdegi Jóns Sigurðssonar árið 2001 en þegar Háskóli Íslands var stofnaður. Á 90 ára afmæli sínu fagnar skólinn óskoruðu sjálfstæði í eigin málum. Sjálfur setur hann sér reglur innan marka laganna og ræður starfsmenn sína.

Björn M. Ólsen vildi að háskólinn víkkaði sjóndeildarhring þjóðar sinnar til alls hins menntaða heims, leitinn eftir hinum huldu sannindum vísindanna væri öllum háskólum sameiginleg, enda væru



Björn Bjarnason menntamálaráðherra.

þeir kosmópólítískar stofnanir um leið og þeir væru þjóðlegir. Styrkja ætti unga efnilega námsmenn til að fara til annarra háskóla að afloknu námi hér. Annars væri hætt við að sjóndeildarhringur þeirra yrði of þröngur og Háskóli Íslands að nokkurs konar kínverskum múr sem byrgði fyrir útsýnina til alheimsmenningarinnar.

Þessi brýning á enn erindi til okkar. Þótt háskólinn sé vissulega vel í stakk búinn til að veita fræðslu í mörgum greinum auk framhalds- og doktorsmenntunar og margir vísindamanna hans hafi náð frábærum árangri á heimsmælikvarða þarf ávallt að víkka sjóndeildarhringinn og tækifærin til þess eru fleiri en nokkru sinni. Engan sem hér var staddur fyrir 90 árum grunaði að árið 2001 yrðu átta skólar á háskólastigi í landinu. Þessum skólum og íslenska þjóðfélaginu í heild er mikill styrkur af því hve margir Íslendingar hafa notið menntunar og stundað vísindastörf við fremstu háskóla heims. Það er ekki síður nauðsynlegt nú en árið 1911 að sameina háskólakrafta heima og erlendis.

Fyrsti rektor Háskóla Íslands sagði að framtíð skólans væri undir því komin að honum tækist betur og betur að ávinna sér traust og hylli þjóðarinnar því að það væri hún sem bæri hann uppi af al-

mannafé og til hennar yrði að leita um fjárveitingar til allra nauðsynlegra umbóta.

Pegar almenningur er spurður um álit sitt á opinberum stofnunum á líðandi stund er Háskóli Íslands jafnan í fremstu röð og skipar oft efsta sætið. Skipan fjárhagslegra samskipta ríkisvaldsins við skólann er nú samningsbundin og ríkir um hana góð sátt, öndvert við það sem oft hefur verið síðustu 90 ár.

Góðir áheyrendur!

Með hina framsýnu setningarræðu Björns M. Ólsens að leiðarljósi er auðvelt að komast að þeirri niðurstöðu að Háskóla Íslands hafi vegnað prýðilega á fyrstu 90 árum sínum. Skólinn hefur markað glæsileg spor í sögu þjóðarinnar. Án skólans og allra sem við hann hafa stundað nám og starfað væri íslenska þjóðfélagið einfaldlega svipur hjá sjón. Við færum þeim þakkir sem eiga heiðurinn af því að leiða skólann á þennan farsæla hátt.

Í tæp 30 ár var skólinn til húsa hér í Alþingishúsinu, líkaði vistin illa og þótti ríkja mikið skilningsleysi meðal alþingismanna á því að veita fé til háskólabyggingar. Sú rimma var leyst með því að heimila skólanum að reka happdrætti til að standa straum af byggingarkostnaði og flutti hann í eigið húsnæði árið 1940.

Happdrættið er skólanum enn mikil lyftistöng og þörfinni fyrir nýtt húsnæði verður seint fullnægt. Ætti ríkisvaldið að koma til móts við óskir skólans í byggingarmálum með því að dreifa einkaleyfisgjaldi vegna happdrættisins á alla sem stunda sambærilega starfsemi, og greiða auk þess hæfilegan viðhaldskostnað af byggingum skólans. Með þeim hætti tryggði Alþingi og ríkisstjórn best á 90 ára afmælinu og til langframa að húsnæðismál Háskóla Íslands væru í samræmi við eðlilegan vöxt hans og kröfur.

Ég lýk máli mínu með því að óska íslensku þjóðinni til hamingju með Háskóla Íslands – megi hann halda áfram að vaxa og dafna okkur öllum til heilla!

*Ávarp Páls Skúlasonar,
rektors Háskóla Íslands*

Árið 1842 komst Jón Sigurðsson svo að orði í tímariti sínu Nýjum félagsritum:

„Það eru einkum þrjú efni, sem oss Íslendingum standa á mestu að útkljáð verði bæði fljótt og vel: það er alþingismálið, skólamálið og verslunarmálið. Undir því hvernig þess mál verða kljáð, hvernig þetta þrennt kemst á fót, er að miklu leyti komin framför vor og að vísu það, hvað bráðgjör hún verður. Alþingi á að vekja og glæða þjóðlífið og þjóðarandann, skólinn á að tendra hið andlega ljós og hið andlega afl og veita alla þá þekkingu, sem gjöra má menn hæfilega til framkvæmdar öllu góðu, sem auðið má verða, verslunin á að styrkja þjóðarafið líkamlega, færa velmegun í landið, auka og bæta atvinnuvegi og handiðnir og efla með því aftur hið andlega svo það verði á ný stofn annarra enn æðri og betri framfara og blómgunar eftir því sem tímar líða fram.“

Þau þrjú stórmál sem Jón Sigurðsson nefndi á þessum árdögum sjálfstæðisbaráttunnar – alþingismálið, skólamálið og verslunarmálið – eru enn í fullu gildi og munu verða á meðan íslensk þjóð vill eflast og þroskast sem sjálfstæð heild. Verkefni voru ærin fyrir rúmlega 150 árum og þau hafa raunar síst minnkað, þótt aðstæður séu aðrar. Verkefni Alþingis, að vekja og glæða þjóðlífið og þjóðarandann, kann að vera enn vandasamara nú en þá. Verkefni skólans, að tendra hið andlega ljós og veita alla þá þekkingu sem almenningur þarfnast, hefur aldrei verið brýnna en nú. Og verkefni verslunarinnar, að bæta atvinnuvegi og tryggja lífskjörin í landinu, hafa aldrei verið fjölbreyttari og flóknari en á síðustu árum.

Athyglisvert við málflutning Jóns eru tengslin sem hann sér á milli hinna þriggja grundvallarstoða þjóðfélagsins. Endurreisn Alþingis, efling skólans og aukið frelsi í viðskiptum og atvinnulífi – allt þetta fer í hans huga saman. Hann tengir Alþingi og skólana við hið andlega, en verslunina og atvinnuvegina við hið líkamlega. Með því „að styrkja þjóðarafið líkamlega“ eflir verslunin hið andlega svo það leiði til enn nýrra framfara og blómgunar mannlífsins.



Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands.

Með endurreisn Alþingis 1845 eignaðist íslenska þjóðin mikilvægasta tæki sitt til að vekja þjóðina til vitundar um sjálfa sig, skapa henni vilja og leið til að taka ákvörðun sem ein andleg heild.

Með stofnun Háskóla Íslands 1911 eignaðist íslenska þjóðin mikilvægasta tæki sitt til að tendra hið andlega ljós og hið andlega afl meðal þjóðarinnar svo hún öðlist þekkingu og skilning sem gerir fólk hæfara til að láta gott af sér leiða í öllum greinum.

Tvennt ber í mínum huga hæst í sögu þjóðarinnar á nýliðinni öld. Annað er mótun lýðræðislegs réttarríkis. Hitt er sívaxandi beiting fræðilegrar og tæknilegrar hugsunar á öllum sviðum og í öllum greinum þjóðfélagsins. Og þetta tvennt helst í hendur: Hið lýðræðislega réttarríki hvílir á því að þjóðfélagsþegnarnir viðurkenni eigið frelsi og annarra og vilji að almannahagur sé tryggður með lögum. Beiting fræðilegrar og tæknilegrar hugsunar hvílir á því að hver manneskja sé frjáls til að trúá hverju sem hún vill svo fremi hún sé fús til að skýra mál sitt og styðja það rökum. Lýðræðið og fræðin krefjast þess að við séum sem ábyrgir þjóðfélagsþegnar reidubúin til að taka þátt í opinberri umræðu um öll mál sem lúta að réttlæti og sannleika. Hið rétta og hið sanna eru leiðarljós okkar sem hugsandi þjóðfélagsþegna. Glæsilegasta fyrirmynd okkar í þessum efn-

um er sjálfstæðishetja okkar Íslendinga, Jón Sigurðsson, sem sameinaði í öllum málflutningi sínum pólitískan eldmóð og fræðilega, gagnrýna hugsun. Án hins pólitíska eldmóðs hefði fræðileg hugsun hans aldrei náð að hefja sig til flugs og vekja fólk til umhugsunar og árangursríkra athafna – en án hinnar fræðilegu, gagnrýnu hugsunar Jóns er hætt við að pólitískur eldmóður hans hefði kodnað niður í innantóma skruðmælgí. Við höfum átt því láni að fagna að eignast forystumenn sem fetað hafa í fótspor Jóns og orðið í senn góðir fræðimenn og góðir stjórnmalaleiðtogar. Störf þeirra hafa sett svip sinn bæði á Alþingi og Háskólann.

Alþingi hefur gegnt lykilhlutverki við að móta Ísland sem lýðræðislegt réttarríki er stefnir að því að tryggja þegnum sínum þau réttindi sem eru forsenda þess að þeir geti nýtt sér frelsi sitt til að móta í senn eigið líf og þjóðlífið í sínum mörgu myndum.

Háskóli Íslands hefur gegnt lykilhlutverki við að mennta fjölda fólks til að beita fræðilegri og tæknilegri hugsun við þau fjölmörgu úrlausnarefni sem leysa hefur þurft í atvinnu- og viðskiptalífi þjóðarinnar, í heilbrigðismálum, í mennta- og menningarmálum, í samfélagsmálum sem og hvers kyns verklegum framkvæmdum.

Hvað mun framtíðin bera í skauti sér? Alþjóðleg tækni, alþjóðlegt hagkerfi, alþjóðleg stjórnmal, alþjóðlegir lífshættir og hugsunarmáti bæði ógna smáþjóðum og opna þeim nýja möguleika til að þroskast og dafna.

Munu Alþingi Íslendinga og Háskóli Íslands eiga jafnbrýnt erindi við íslenska þjóð á tímum alþjóðavæðingar og þau hafa haft til þessa? Eða mun fólkíð sem býr á Íslandi kjósa að fara aðrar leiðir til að tryggja hagsmuni sína sem frjálsir einstaklingar en þær að standa vörð um og efla þjóðþingið og þjóðskólann?

Í nútímanum er ekkert sjálfgefið eða sjálfsagt. Í þeirri umbyltingu sem nú á sér stað í veröldinni verðum við Íslendingar – bæði sem sjálfstæðir einstaklingar og sem sjálfstæð þjóð – að yfirvega vandlega hvaða leiðir við viljum fara. Við skulum taka því vakandi sem að höndum ber. Tölfræðin segir að íslensk tunga ráði ekki við tæknina sem nú fer tröllshöndum um heiminn. Við séum einfaldlega of fá og

smá. En tölfræðin þekkir líka takmörk sín. Hún fræðir okkur um ýmsar staðreyndir og gefur vissar forsendur til ákvarðana. Og sama gera aðrar fræðigreinar. Þær skilja okkur allar eftir í óvissu um leið og þær halda okkur vakandi og opna augu okkar fyrir staðreyndum sem við getum stundum breytt, ef við kærur okkur um það og treystum okkur til þess. Ein alkunn niðurstaða í sagnfræði og þjóðfélagsfræðum er sú að þjóðir deyi hratt ef helstu stofnanir þeirra hrörna.

Það þarf ekki að verja nema andartaki í eina fræðilega ályktun:

Eigi íslensk þjóð að lifa af, dafna og vaxa sem sjálfstæð heild sem hefur tök á sínum innri málum verður hún að hlúa markvisst að þeim stofnunum sem mestu skipta fyrir sjálfstæði hennar í andlegum sem veraldlegum efnum.

Stúdentar Háskóla Íslands eru að hrinda af stað þjóðarátaki til að efla skólann svo hann risi áfram undir því nafni að vera það sem Jón Sigurðsson sá fyrir sér – sannkallaður þjóðskóli sem vinnur í þágu allra þjóðfélagshópa. Skólamálið sem Jón nefndi svo snerist um þetta: Að tryggja menntun og hag allra Íslendinga að öllu leyti og þar með menningarlegt, stjórnmalalegt og efnahagslegt sjálfstæði þeirra um ókomna tíð.

Er hugsanlegt að við þurfum líka átak meðal þjóðarinnar til að auka veg og virðingu Alþingis svo það öðlist aukinn mátt til að vekja þjóðarandann, þann vilja og styrk sem þarf til þess að við verðum áfram við sjálf – verðum Íslendingar – um leið og við tökum af fullum krafti þátt í alþjóðavæðingu veraldarinnar sem sjálfstæðir einstaklingar og sjálfstæð þjóð í senn?

Um leið og ég þakka þann sóma sem Alþingi sýnir Háskólanum með þessari hátíðarsamkomu, heiti ég Alþingi því að Háskóli Íslands muni hér eftir sem hingað til leggja allt sitt af mörkum til að efla þá vitund og þann vilja sem þarf til þess að lýðræði og frjáls, gagnrýnin hugsun nái að blómstra á Íslandi. Og hann óskar einskis frekar en eiga samstarf við Alþingi um að skapa komandi kynslóðum Íslendinga þau skilyrði sem þær þurfa til að vera skapandi á sviði menningar, vísinda, efnahags og stjórn-mála.

Sú hugsjón sem leiðir allt starf Háskóla Íslands er leitin að sannleikanum. Sú leit er endalaus – Sannleikann sjálfan, þann endanlega og stóra, munum við aldrei fanga í net fræðanna. En virðingin fyrir sannleikanum og viðleitnin til að öðlast hlutdeild í honum eru forsendur þess að unnið verða farsælega að alþingismálinu, skólamálinu og verslunarmálinu í hinni óráðnu framtíð þjóðarinnar og hins íslenska þjóðríkis.

Megi Alþingi Íslendinga vekja og glæða þjóðlífið og þjóðarandann um alla framtíð.

*Ávarp Þorvarðar Tjörva Ólafssonar,
formanns stúdentaráðs Háskóla Íslands*

Þann 17. júní er margs að minnast, mörgu ber að fagna. Þennan dag hafa Íslendingar fengið að gjöf mörg varanlegustu verðmæti í menningarsögu þjóðarinnar. Fæðing Jóns forseta þann 17. júní 1811 er að mörgu leyti dagsbrún sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Í stað sundurþykkju kom samstaða, í stað fortíðarhyggju kom framsókn, í stað stöðnunar komu framfarir.

Íslenskir stúdentar skipuðu framvarðasveit frelsisbaráttu þjóðarinnar og með elju og ósérhlífni tókst þeim að byggja upp þrek og djörfung meðal landsmanna til að hrísta af sér herfjötra fortíðar og ná mikilvægum áföngum í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Þáttur Jóns Sigurðssonar í þessari sögu verður seint vanmetinn. Það er því gleðilegt að minnast þess að það voru stúdentar sem höfðu forgöngu um að minnast afmælis Jóns Sigurðssonar með opinberum samkomum árið 1907.

Árið 1911 var í fyrsta skiptið eining um að 17. júní skyldi vera almennur þjóðminningardagur og hafði áralöng barátta stúdenta skilað árangri. Tólf á hádegi var Háskóli Íslands settur í fyrsta sinn í þessum sal en þá voru 100 ár liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar.

Frá þeim tíma hefur Háskóli Íslands verið aflvaki framfara, uppspretta þekkingar, vits og vilja, og staðið vörð um jafnt aðgengi allra til æðri menntunar. Í 90 ár hefur það verið stefna Háskólans að ausa úr nægtabrunni þekkingar, íslensku þjóðfélagi til góða.

Stúdentar hafa alla tíð gegnt mikilvægu hlutverki í starfi Háskólans og haft forystu um fjölmörg framfaramál skólanum til heilla.

Barátta stúdenta hefur falist, felst, og verður að felast, í stórhuga hugmyndum, skýrri framtíðarsýn og einlægum vilja til að láta gott af sér leiða. Það er hlutverk okkar að halda hátt á lofti kyndli Baldvins Einarssonar, Jónasar Hallgrímssonar, Jóns Sigurðssonar og fjölmargra annarra; kyndli sem lýsir frá sér bjartstýni og trú; trú á getu íslenskrar þjóðar til að varðveita, miðla og skapa menningu sem skipar sér í fremstu röð í samfélagi þjóðanna.



Þorvarður Tjörvi Ólafsson, formaður stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Stúdentaráð vill í tilefni 90 ára afmælis Háskóla Íslands sýna frumkvæði til eflingar skólanum og vísindastörfum um allt land.

Í dag ýta stúdentar úr vör sérstöku þjóðarátaki í þágu Háskóla Íslands. Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, hefur sýnt okkur þann heiður að gerast verndari átaksins og færi ég honum þakkir stúdenta fyrir liðsinni hans.

Þjóðaráttak stúdenta í þágu Háskóla Íslands hefur þrjú meginmarkmið. Í fyrsta lagi er stefnt að eflingu rannsókna um hinar breiðu byggðir landsins. Við viljum að þekking háskólasamfélagsins skili sér til þjóðarinnar allrar; íslenskt þjóðfélag verði eitt háskólasamfélag. Aldrei fyrr hafa stúdentar beint kastljósinu jafnskært út til landsbyggðarinnar, aldrei fyrr hafa stúdentar beint áhrifamætti sínum með jafn-áberandi hætti til eflingar háskólamenntun um allt land, aldrei fyrr hefur þörfin verið jafnmikil.

Það er hlutverk Háskóla Íslands, þjóðskólans, að vera í fararbroddi þess að beisla og kynda undir þeim mannaúði sem býr í æsku landsins. Byggðastefna sem byggist á eflingu miðlunar og sköpunar þekkingar í landinu öllu er besta von okkar um blómlega byggð um land allt. Stúdentar vilja leggja

lóð sín á vogarskálarnar til að svo megi verða og við treystum á öflugan stuðning þjóðarinnar allrar.

Háskóli Íslands er í fyrsta sinn að stíga fram sem fullburða rannsóknarháskóli með tæplega þúsund framhaldsnema. Brýnt er að skapa þessum stóra hópi stúdenta, og þeim mikla mannaúði sem í þeim býr, tækifæri til að sinna krefjandi rannsóknarverkefnum um allt land.

Í sumar munu forystumenn Stúdentaráðs gera samninga við stofnanir, fyrirtæki og sveitarfélög víðs vegar um landið um styrki til handa stúdentum sem vilja sinna rannsóknum úti á landsbyggðinni. Takist okkur að tryggja stúdentum fjárhagslega styrki, aðstöðu og aðgang að tækjabúnaði, þá er ég þess fullviss að stúdentar munu nýta sér þau tækifæri til að starfa úti á landsbyggðinni í auknum mæli.

Annað markmið þjóðarátsins er aukið samstarf Háskólans og atvinnulífs. Stúdentar vilja sjá fyrirtæki og stofnanir sem enn virkari þátttakendur í háskólasamfélaginu, skólanum og atvinnulífinu til hagsbóta.

Aukið samstarf fyrirtækja, fagfélaga og einstakra deilda krefst samráðsvettvangs þessara aðila innan háskólasamfélagsins. Slíkum vettvangi munu stúdentar og Hollvinasamtök Háskólans koma á fót í vetur.

Háskólinn verður einnig að líta í eigin barm og meta frammistöðu sína í að tryggja atvinnulífinu vel menntað starfsfólk. Gera þarf úttekt á gildi háskólamenntunar fyrir efnahagslífið.

Loks er mikilvægt að fyrirtæki veiti Háskólanum aukinn stuðning og gera þarf breytingar á skattalöggjöfni til að hvetja fyrirtæki til að styrkja mennta- og menningarstarfsemi enn frekar.

Þriðja meginmarkmið þjóðarátsins er að vekja þjóðina til vitundar um mikilvægi þess að eiga kraftmikinn þjóðskóla og hvetja stjórnvöld til að gera vel við Háskólann í tilefni afmælisins.

Við sem leiðum hagsmunabaráttu stúdenta, viljum að ungt fólk um allt land geri sér grein fyrir þeim möguleikum sem felast í að sækja sér menntun við þessa æðstu menntastofnun landsins. Við ætlum okkur að fara hringinn í kringum landið, kynna skólann og mikilvægi hans fyrir þjóðinni.

Stúdentar treysta á liðsinni almennings og stjórnvalda. Háskóli Íslands býr við þröngan húsakost og þar þurfa stjórnvöld að hlaupa undir bagga með skólanum. Ég treysti á að svo verði.

Kæru hátíðargestir. Stúdentar við Háskóla Íslands eru stórhuga. Við erum bjartsýn fyrir hönd íslensku þjóðarinnar, bjartsýn á sköpunarmátt þekkingar um allt land og bjartsýn á góðan árangur þjóðaráts okkar í þágu Háskóla Íslands. Ég heiti á alla þá sem hér eru, og landsmenn alla, að leggja okkur lið. Eflum þjóðskólann okkar og gerum veg vísindanna sem mestan um allt land.

Þjóðarátaki í þágu Háskóla Íslands er hér með hrundið af stað!

*Ávarp Halldórs Blöndals,
forseta Alþingis*

Ég býð ykkur velkomin hingað á sal Menntaskólans í Reykjavík þar sem Þjóðfundurinn var haldinn í Lærða skólanum fyrir 150 árum.

*Hvar skal byrja? hvar skal standa?
hátt til fjalla? lágt til stranda?*

spyr Matthías Jochumsson sig þegar hann er að sækja í sig veðrið í kvæðinu „Skagafjörður“ og leysir Bragi brátt úr þeim vanda með því að benda honum á Tindastól. Þaðan sér vítt yfir héraðið og verður saga þess auðlesin eftir örnefnum og kennileitum. Eins fer mér þegar ég hugsa um Þjóðfundinn 1851. Hvergi vildi ég heldur standa en einmitt þar þegar ég reyni að glöggva mig á sögunni því að hvar skyldi nútíminn í pólitískri sögu okkar Íslendinga byrja ef ekki þarna? Gamli sáttmáli rifjast upp, einokunarverslunin og einveldishyllingin í Kópavogi 1662.

Allir voru þessir atburðir okkur mótdrægir og örlogaríkir. En á Þjóðfundinum, í aðdraganda hans og snöggum endi, byrjaði gangur lukkuhjólsins að snúast á hinn veginn og nú okkur í vil. Gamli sáttmáli varð að heilagri örki í höndum Jóns Sigurðssonar.

„... en enn hefur enginn löggerningur sem skráður hefur verið á Íslandi meiri sögulega þýðingu því að hann varð í senn sáttmáli um afsal sjálfstæðisins og sú réttarheimild sem best dugði við endurheimt þess“, skrifar Bjarni Benediktsson í grein sinni, Sáttmálinn 1262 og einveldishyllingin 1662, og rifjar upp að hann hafi í æsku sinni heyrt föður sinn og kunningja hans ræða um nauðsyn þess að Gamli sáttmáli yrði prentaður á póstkort svo að hann gæti orðið hverjum einasta landsmanni handbær. Og höfðu ungir prentarar í Félagsprentsmiðjunni látið af því verða.

Íslendingar væntu sér mikils af Þjóðfundinum og því olli hinn snautlegi endir hans sárum vonbrigðum. Svo virtist sem hann hefði farið út um þúfur og ekkert skilið eftir sig, en annað kom á daginn. Óbilgirni Dana þjappaði þjóðinni saman á bak



Halldór Blöndal, forseti Alþingis.

við Jón Sigurðsson og Íslendingar gerðu sjónarmið hans í sjálfstæðismálinu að sínum. Engin málamiðlun kom lengur til greina, þingheimur tók undir með Jóni Sigurðssyni og sagði: „Vér mótmælum allir!“ Á þessari stundu var kveðið upp úr um það að við vildum vera Íslendingar en ekki Danir. Þegar þessi orð eru sögð á réttum stað endurspeglar þau frelsisþrá Íslendinga og vísa þess vegna veginn fram á við.

Það má lengi velta því fyrir sér hvaða gagn þjóðir geti haft af því að kunna sögu sína og taka dæmi af henni í breyttum heimi. Eitthvert gagn a.m.k. býst ég við að við getum orðið sammála um og líka um það að við eigum að halda það í heiðri sem gerir okkur að þjóð: Sögu okkar, tungu og menningu. Þess vegna var það að þrennt kom upp í hugann þegar við í forsætisnefnd Alþingis veltum því fyrir okkur hvað við gætum gert til hátíðarbrigða til að minnast Þjóðfundarins fyrir 150 árum.

Snorri Sturluson er meðal fremstu sagnfræðinga sem uppi hafa verið. Rit hans, Heimskringla, Snorra-Edda og Egils saga, eru grundvallarrit og meðal þess allra besta sem skrifað hefur verið á íslenska tungu. Ekki er vansalaust að ekki skuli til fallleg heildarútgáfa á verkum hans við hóflegu verði. Forsætisnefnd hefur ákveðið að beita sér fyrir slíki

hátiðarútgáfu með því að kosta vinnu íslenskra listamanna sem myndskreyttu hana.

Æ fleiri leggja leið sína í Jónshús sem ekki kemur á óvart þar sem reglulega er efnt til gönguferða um Íslendingaslóðir í Kaupmannahöfn. Í Jónshúsi hefur verið komið fyrir myndum og munum úr eigu og til minningar um hjónin Jón Sigurðsson og Ingi-björgu Einarasdóttur í þrem herbergjum á þriðju hæð hússins. Forsætisnefnd hefur nú ákveðið að öll hæðin skuli helguð minningu þeirra með því að koma íbúðinni sem næst í það horf sem hún var í meðan þau bjuggu þar.

Eftir aldamótin 1900 varð vakning í íslensku þjóðlífi, útrás, og meðal annars reyndu ungir rithöfundar að lifa af verkum sínum í Kaupmannahöfn sem blaðamenn og með því að skrifa bækur sínar á dönsku og fá þær útgefnar þar. Þeirra á meðal voru Jónas Guðlaugsson, Jóhann Sigurjónsson, Gunnar Gunnarsson og Guðmundur Kamban. Nú eru að verða síðustu forvöð að safna þessum bókum saman í fyrstu útgáfu og hefur forsætisnefnd ákveðið að það verði gert og þær varðveittar í Jónshúsi til þess að minna á þennan vaxtarbrodd íslenskrar ritmenningar sem sótti sína fyrstu næringu í erlenda mold. Jafnframt verður leitast við að hafa upp á smásögum

eftir íslenska höfunda í dönskum blöðum. Eru þá rithöfundar eins og Davíð Þorsteinsson og Halldór Kiljan Laxness komnir til skjalanna.

Það er mikið tískuorð núna að tala um hnattvæðingu. Í því felst að þjóðir heims eigi ekki einungis að líta hið næsta sér heldur horfa yfir jörðina alla. Það er viðurkenning á því að mannkynið sé einnar og sömu gerðar hvert sem litarhaftið er og hvaða tungumál sem talað er af því að hjörtum mannanna svipar saman í Súdan og Grímsnesinu. Þessi heimssýn er nærtæk og sjálfsögð af því að hún er sprottin upp úr hugsjóninni um frið á jörðu og náungakærleik.

En þar með er ekki sagt að þjóðirnar vilji ekki halda sérleik sínum og sjálfstæði. Auðvitað vilja þær það eins og konan í þorpinu. Hún á sitt hús og sinn garð til að hugsa um og heldur uppi sínum húsaga rétt eins og granni hennar. Sem betur fer erum við ekki öll steypt í sama mótið og viljum vera einstaklingar.

Stundum er spurt hvað sé unnið við að vera Íslendingur, en þarf ekki svars af því að spurningin vaknar í raun og veru ekki hjá þjóðinni. Svo sjálfsagt er það. Þannig er Þjóðfundurinn á sínum stað í hugum okkar og minnir á sig.

*Ávarp Ragnheiðar Torfadóttur,
rektors MR*

*Brandr af brandi
brenn, unz brunninn er,
funi kveikisk af funa.*

Þessi orð Hávamála koma mér í hug, þegar ég minnst Þjóðfundar Íslendinga, sem haldinn var hér í Hátíðarsalnum fyrir hálfri annarri öld, og verður hugsað til Jóns Sigurðssonar og þjóðfundarmanna í skólanum.

Fyrir 150 árum voru fjórir fastir kennarar við skólann auk rektors, Sveinbjarnar Egilssonar. Tveir þeirra, Gísli Magnússon og Jens Sigurðsson, voru þjóðkjörnir fulltrúar á Þjóðfundinum, sá þriðji, Halldór Friðriksson, var í forstöðunefnd og var einnig annar ritstjóri Undirbúningsblaðs undir þjóðfundinn. Auk þessara voru margir aðrir þjóðfundarmenn „héðan“ í þeim skilningi, að þeir höfðu verið nemendur elztu kennara skólans, Hallgríms Scheving, Björns Gunnlaugssonar og Sveinbjarnar Egilssonar, á meðan skólinn var á Bessastöðum.

Jón Sigurðsson lærði í heimaskóla, en hann sótti um kennaraembætti við skólann 1844. Honum var ekki veitt það embætti, og hann menntaði þjóðina með öðrum hætti. Jón kom hingað, þegar Alþingi var endurreist 1845, var hér öll sumur, sem hann sat á þingi, og lét sér ávallt mjög annt um skólann.

Jón Sigurðsson var málfræðingur. Hann hafði m.a. lært grísku og latínu af öndvegisritum fornra skálda, sagnaritara, heimspekinga og ræðusnillinga. Þannig hafði hann snemma kynnt menningu og stjórnarháttum frjálsra þjóða að fornu. Hann lagði stund á málfræði við Hafnarháskóla, og hann gjörþekkti bókmenntaarf og sögu Íslendinga. Jón vann í Kaupmannahöfn við fræðilega útgáfu íslenzkra fornrita, bæði fyrir hinn stóra heim latínulærðra útendinga og Íslendinga sjálfa. Hann gaf út Íslenzkt fornbréfasafn og lagasafn. Hann safnaði íslenzkum handritum, skjölum og bréfum og vann ótrúlega mikið vísindastarf fyrir íslenzk fræði, forn og ný.

Jón Sigurðsson hefur verið kallaður sverð Íslands, en sverð hans var ekki aðeins gáfur, stórhugur, eldmóður og hæfileiki til að hrífa aðra. Sverð



Ragnheiður Torfadóttir, rektor Menntaskólans í Reykjavík.

hans var líka djúp og víðtæk þekking, sem var Íslendingum nauðsyn, ef þeir vildu verða sjálfstæð þjóð.

Rúmlega þrítugur birti Jón Sigurðsson 100 síðna ritgerð um skóla á Íslandi í Nýjum félagsritum. Þar rekur hann sögu skólahalds á Íslandi af lærdómi og framsýni og segir, að þá hafi skólarnir verið beztir, þegar þjóðin bar umhyggju fyrir þeim. Árið áður hafði konungur úrskurðað, að skólinn skyldi fluttur aftur til Reykjavíkur og guðfræðinámið skilið frá Lærða skólanum. Jón vill stórefla skólann, og hann hvetur þjóðina til að styrkja hann. Í ritgerðinni birtir hann m.a. kennslutöflu, sem hann kallar svo, það er yfirlit yfir námsgreinar, sem hann vill að séu kenndar, og stundafjölda í hverri grein í hverjum bekk. Hann vill fjölga bekkjum í 6 og lengja náms tímamann í 8 ár, það þurfi að kenna meira og fleira.

Það verður ekki mikið úr okkur, sem erum hér nú, við hlið Jóns Sigurðssonar og margra þeirra, sem voru hér fyrir hálfri annarri öld. En við höfum sama hlutverki að gegna, að láta brand af brandi þekkingar brenna, unz brunninn er, og funa kveikjast af funa. Við höfum tekið í arf, kynslóð eftir kynslóð hér í skólanum, löngun og metnað til að kenna meira en ætlazt er til. Það er hollt að vera í skóla, sem stendur á svo gömlum merg, og í húsi, sem geymir minningar um baráttu fyrir sjálfstæði lítillar þjóðar, menntun hennar og framförum.

Ég færi Alþingi kveðju Menntaskólans í Reykjavík og þakkir fyrir að minnst Þjóðfundarins hér í salnum.

*Ávarp Heimis Þorleifssonar
sagnfræðings*

„Sá er nú tíminn kominn að vér megum frjállega segja meiningar vorar um öll þau málefni sem oss varða og eiga þess von að hver skynsamleg meining verði tekin til greina; þeir dagarnir eru fyrir hendi að vér eigum sjálfir að segja hverja stjórnarhögun vér ætlum hentasta og þiggja stjórnarbót þar eftir.“

Þetta sagði séra Hannes Stephensen, einn rötækasti foringi Íslendinga á Þjóðfundinum, hálfu öðru ári áður en hann hófst og orð hans sýna hverjar vonir menn gerðu sér um að mega segja meiningu sína á fundinum og að sú meining yrði tekin til greina. Það kom hins vegar í ljós að þjóðfundarmenn fengu ekki að ljúka því að segja meiningar sínar og því síður að þær væru teknar til greina. Þeir urðu að mótmæla allir.

Í dag eru liðin 150 ár frá því að þjóðfundarmennirnir 42 komu saman í þessu húsi til þess að segja þá meiningu sína að setja Íslendingum stjórnarlög. Þjóðfundurinn átti að verða stjórnlagabing Íslendinga. En það var langur aðdragandi að Þjóðfundinum og til þess að átta sig á honum þarf að fara tvo áratugi aftur fyrir árið 1851. Konungur Dana ákvað upp úr 1830 að leyfa þegnum sínum að koma saman til þinga. Hann var áfram einvaldur og þingin voru áfram ráðgefandi. Nú var danska konungsríkið svo margskipt að þegnar þess urðu að hafa fjögur þing og klókir Íslendingar eins og Baldvin Einarsson sáu að Íslendingar gætu vegna sérstöðu sinnar átt rétt á að fá sérstakt þing. Það fengu þeir með því sem við höfum kallað endurreisn Alþingis sem ákveðin var árið 1843. Kosnir skyldu 20 þingmenn í jafnmörgum kjördæmum og síðan voru valdir sex konungkjörnir þingmenn. Þetta var ráðgefandi fulltrúabing, fyrsti vísir nýrrar stjórnskipunar fyrir Ísland.

Alþing hið nýja kom saman í þessum sal í fyrsta sinn árið 1845 og síðan annað hvert ár. Þegar þingið kom saman 1849 höfðu mikil tíðindi orðið úti í Evrópu. Frakkar gerðu byltingu í febrúar 1848 og órói var víða í álfunni. Nýr Danakonungur, Friðrik VII, afsalaði sér einveldi og Danir fengu nýja stjórn-



Heimir Þorleifsson sagnfræðingur.

arskrá með breyttum og frjállegri stjórnarháttum. Konungur lofaði Íslendingum því að þeir mættu halda samkomu heima á Íslandi þar sem stjórnarfarsmál þeirra yrðu rædd. Þetta loforð var gefið haustið 1848 og með því hófst undirbúningstími að Þjóðfundinum, en svo fóru Íslendingar að nefna þessa fyrirhuguðu samkomu.

Nú varð meira um pólitíska starfsemi en áður hafði þekkt á Íslandi. Í því sambandi minnst menn einkum Þingvallafundanna sem haldnir voru ár hvert. Þar voru ræddar hugmyndir um framtíðarskipan stjórnarfars á Íslandi og birtist niðurstaða þeirra í ávarpi Þingvallafundar sem haldinn var skömmu fyrir Þjóðfundinn. Þar var fjallað um helstu þætti stjórnskipunarinnar og hvernig Íslendingar ættu að taka þá í sínar hendur. Drepið var á mannréttindamál og samþykkt að tryggja yrði funda- og prentfrelsi í landinu. Samþykktin um funda- og prentfrelsi er athyglisverð í ljósi þess að á undirbúningstíma Þjóðfundarins höfðu komið upp mál sem tengja má þessum grundvallarréttindum. Skólapiltar í Lærða skólanum lentu í deilum við rektor, Sveinbjörn Egilsson, um skylduaðild að bindindisfélagi skólans. Sú deila náði hámarki með því að rektor flutti harðorða skammaræðu yfir skólapiltum í þessum sal 17. janúar 1850 og endaði hana á þessum orðum: „Allar yðar samkomur bann-

ast héðan af stranglega og skulu ekki fara fram eftirkastalaust.“

Skólapiltar létu auðvitað ekki banna sér að halda fundi, enda voru þeir upptendraðir af frásögnum ritsins Norðurfara um byltingarnar úti í Evrópu þar sem óróamenn fóru sínu fram. Eftir skammdegisskammaraðu rektors stukku piltar vestur á Mela, ræddu þar sín mál og fóru síðan niður í bæ og æptu pereat, þ.e. fjúk fái rektor, við hús hans við Austurstræti. Síðan æptu þeir pereat við hvert hús í bænum sem reyndar voru ekki ýkjarmörg því að íbúarnir voru aðeins um eitt þúsund. Þegar blaðið Þjóðólfur hugðist fjalla um þessa atburði og svokallað hneyksli í Dómkirkjunni var útgáfa blaðsins stöðvuð í einu prentsmiðju landsins sem stiftamtmaður réð yfir.

Þessir atburðir og reyndar fleiri urðu til þess að dönsk yfirvöld töldu verulega hættu á óeirðum á Íslandi og ákváðu að senda hingað herlið sem yrði tiltækt þegar kæmi að hinum fyrirhugaða Þjóðfundi. En víkjum nú aftur að undirbúningi að honum. Eins og áður sagði var loforð um að halda hann gefið haustið 1848 og síðan var ákveðið að kosningalög vegna hans yrðu rædd á Alþingi sumarið 1849. Þau voru heldur frjálsglegri en hin almennu kosningalög og fengu flestir betur megandi bændur og kaupstaðarborgarar 30 ára og eldri rétt til þess að kjósa, en ekki vinnumenn eða tómthúsmenn og auðvitað engar konur. Þjóðkjörnir fundarmenn skyldu vera tveir úr hverju kjördæmi, alls 40 að tölu, og auk þeirra skyldu vera sex konungkjörnir þjóðfundarmenn.

Danir fóru eftir því sem Alþingi lagði til um tilhögun Þjóðfundarins og voru „lög um kosningar til Þjóðfundar sem Íslandi er heitið að ári“ undirrituð af konungi í september 1849. Þau voru síðan prentuð í allstóru upplagi og send stiftamtmanni á Íslandi. Stiftamtmaður sendi síðan amtmönnum kosningalögin. Þeir skrifuðu sýslumönnum bréf og mæltust til þess að þeir semdu kjörskrár sem fyrst og létu þær liggja frammi í sóknunum. Kjördagur var ekki ákveðinn en sýslumenn gerðu yfirleitt ráð fyrir því að kosningar færu fram seint í maí 1850.

Vorið 1850 var töluvert um fundi í héruðum til undirbúnings kosningum til Þjóðfundarins. Voru

haldin prófkjör á nokkrum stöðum til þess að finna æskilega þjóðfundarfulltrúa. Þetta var þó misjafnt eftir landshlutum og svo fór að oft kusu færri í sjálfum kosningunum en í prófkjörunum. Ekki eru til upplýsingar um heildarkjörsókn en svo virðist sem hún hafi verið mest í Eyjafirði en þar voru 458 á kjörskrá en 348 kusu eða 76%. Fulltrúar Eyfirðinga urðu sýslumaðurinn Eggert Briem og timburmeistarinn Ólafur Briem en þeir voru bræður. Í kjördæmi Jóns Sigurðssonar voru 354 á kjörskrá en aðeins 51 kaus eða innan við 15%. Allir nema einn kusu Jón. Þess ber að gæta að kjörstaður var aðeins einn í hverju kjördæmi og því gat verið langt að sækja til þess að neyta kosningarréttar síns. Svo var auðvitað í Ísafjarðarsýslu, kjördæmi Jóns Sigurðssonar, en úr þremur hreppum sýslunnar sem lengst voru í burtu frá kjörfundarstað kom enginn til þess að kjósa. Það er til marks um aðra skiptingu fólksfjölda í landinu fyrir 150 árum en nú að í þjóðfundarkosningunum voru aðeins 169 á kjörskrá í Reykjavík eða meira en helmingi færri en í Ísafjarðarsýslu.

Í maímánuði 1850 voru Íslendingar í raun reiðubúnir til þess að mæta á Þjóðfund um sumarið en þá kom í ljós að dönsk yfirvöld voru ekki reiðubúin. Var gefið út konungsbréf um frestun Þjóðfundarins og skyldi hann koma saman í júlí 1851. Þessi frestun var auðvitað Íslendingum vonbrigði og boðaði ekki gott um niðurstöður hans.

Í október 1850 var innanríkisráðuneytið í Danmörku tekið að hugleiða hvernig best yrði skotið stólum undir þjóðfundarmenn sumarið eftir. Það leitaði ráða hjá manni sem reyndar hafði aldrei til Íslands komið en engu að síður teiknað húsið sem fundurinn átti að vera í, þ.e. hús Lærða skólans. Þetta var „hofbygmester“ Koch og segist hann í bréfi til ráðuneytisins hafa rætt þessi mál við „architech“ Schütte sem unnið hafði m.a. við endurbyggingu Dómkirkjunnar í Reykjavík og kennt myndskrift í Lærða skólanum. Þessir tvímenningar virðast hafa verið hagsýnir menn því að niðurstaða þeirra varð sú að taka hluta af húsbúnaði sem notaður hafði verið á stéttþingi Jóta í Vébjörgum sem nú hefur verið lagt niður og láta breyta honum til nota á Þjóðfundi Íslendinga. Virðast það einkum hafa verið borðin sem voru notuð og var Hansen „hofstolemager“

fenginn til þess að breyta þeim. Hann útvegaði einnig nýja stóla en snikkari nokkur danskur sá um að smíða upphækkun við norðurenda salarins og handrið með pílárum sem sett var upp milli þjóðfundarmanna og fundargesta. Allur þessi húsbúnaður kom til Íslands snemma sumars 1851 og skorti því ekki á það að dönsk yfirvöld hefðu gert sitt til að skapa viðunandi aðstöðu fyrir fundinn í skólahúsinu.

Í byrjun júlímánaðar 1851 voru nær allir kjörnir og skipaðir þjóðfundarmenn komnir til Reykjavíkur. Fjórir voru þó forfallaðir. Einn hafði slasast við að detta af baki skömmu fyrir fundinn og gat því ekki mætt. Læknir sem kosinn hafði verið fékk engan staðgengil og mætti ekki heldur. Þá höfðu þau tíðindi orðið að annar fulltrúi Vestmanneyinga hafði tekið og útbreitt mormónatrú og var sviptur umbodði sínu. Fjórði þjóðfundarmaðurinn, einn hinna konungkjörnu, kom ekki á fyrsta fundinn og bar við holti. Allir þjóðfundarmenn utan af landi komu ríðandi til Reykjavíkur því að skipaferðir voru

engar með ströndum fram. Þegar til bæjarins kom urðu þeir allir að leita gistingar á einkaheimilum því að eiginlegt gistihús var ekki í bænum. Áðurnefndir þjóðfundarmenn Eyfirðinga gistu t.d. báðir í húsi „Hannesar kaupmanns Johnsens“ og Jón „sekretéri“ Sigurðsson, eins og hann var þá kallaður, gisti „í húsi landfógetaekkju Thorgrimsen“, eins og segir í samtímaskjali.

Í konungsbréfinu frá því í maí 1850 var sagt að Þjóðfundurinn ætti að koma saman 4. júlí 1851 en það frestaðist um einn dag og 5. júlí rann loks upp sá dagur „er Íslendingar í fyrsta sinn um langan aldur máttu hugsa um sjálfa sig“ svo vitnað sé enn til orða séra Hannesar Stephensens. Það fór reyndar svo að Íslendingar komust ekki upp með að hugsa bara um sjálfa sig. Þeir urðu að láta stjórnast af hagsmunum Dana og því hefur Þjóðfundurinn löngum verið talinn gagnslítill í stjórnskipunarlegum efnum, en hann hefur þó alltaf verið tákn um stjórn-málavakningu Íslendinga um miðja 19. öld og mun væntanlega verða það áfram.

Ávarp Sigurðar Línalds lagaprófessors

Upphaf Þjóðfundar má rekja til þess að einveldi var afnumið í Danmörku, eins og reyndar þegar hefur verið sagt, 22. mars 1848 og boðað var til stjórnlagabings. Af því tilefni var efnt til fundar 24 embættismanna í Reykjavík 11. júlí þar sem þess var farið á leit að Íslendingar mættu kjósa fjóra af fimm fulltrúum á stjórnlagabingið. Bænarsskrá fundarins svaraði Friðrik konungur VII 23. september þar sem því var barið við að fulltrúakosningu yrði ekki komið við, en því jafnframt heitið að málum er lytu að sérstöðu Íslands innan danska ríkisins yrði ekki skipað með stjórnögum öðruvísi en álits Íslendinga yrði leitað á fundi sem haldinn yrði í landinu sjálfu.

Þjóðfundur var settur 5. júlí 1851. Tillögur dönsku stjórnarinnar voru lagðar fram eftir nokkurn drátt og aðalatriði voru þessi: Grundvallarlög Dana sem samþykkt höfðu verið 5. júní 1849 giltu á Íslandi. Íslendingar skyldu eiga sex fulltrúa í danska þinginu, fjóra á þjóðþingi og tvo á landsþingi sem var eins konar efri deild. Alþingi og konungur skyldu fara með löggjafarvald í sérmálum Íslands sem talin voru upp. Helstu þeirra voru dómgæsla, kirkjumálefni, barnafræðsla, sveitarstjórnarmálefni og tekjur og útgjöld sem snertu Ísland sérstaklega. Samkvæmt þessu var Ísland talið hluti ríkisins og um það efni vísað til konungalaganna frá 1665 sem fest höfðu einveldið í sessi. Ríkisþing Dana hafði samkvæmt þessu óskorað vald í málefnum Íslands sambærilegt við aðra hluta danska ríkisins. Danskir ráðgjafar höfðu með höndum æðsta framkvæmdarvald með ábyrgð fyrir ríkisþinginu og ríkisrétti sem hér heitir að vísu landsdómur. Hæstiréttur Dana var æðsti dómstóll ríkisins. Sérmál Íslands voru einkum ákvörðuð með vísan til fjarlægðar landsins og sérstöðu.

Frumvarpinu var fálega tekið og gekk það til nefndar sem kosin var til að fjalla um það. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að samið skyldi alveg nýtt frumvarp sem væri reist á þeim hugmyndum sem Jón Sigurðsson hafði sett fram í ritgerðinni Hugvekja til Íslendinga og birst hafði í Nýjum félagssritum árið 1848. Þótt kenningar Jóns séu vænt-



Sigurður Línald lagaprófessor.

anlega flestum kunnar er nauðsynlegt samhengis vegna að gera örstutta grein fyrir þeim.

Með einveldis- og erfðahyllingunni í Kópavogi árið 1662 höfðu Íslendingar hyllt hinn einvalda konung en hvorki Dani né neina aðra þjóð. Við afnám einveldis féllu úr gildi ákvæði hyllingarskjalsins og samband Íslands og Danmerkur stýddist þá við ákvæði Gamla sáttmála frá 1262–1264. Samkvæmt honum hafi Íslendingar ekki gengið í samband við Noreg heldur samtengt Noregi með sáttmála við Noregskonung með þeim skilmálum sem þar greinir. Síðan segir Jón: „En taki menn rétt þá grundvallarreglu sambandsins, sem í sáttmálanum liggur, og jafni henni til skoðunarmáta vorra tíma, þá er hún sú að þar skal vera einn konungur, ein erfðalög konungsættarinnar, visst ákveðið gjald árlega til konungsborðs, en að öðru leyti innlend lög.“ Síðan ályktar hann: „Það er merkilegt að þessar greinar eru einmitt svipaðar eða öldungis eins og í sambandsögum þeim sem nú eru á milli Noregs og Svíþjóðar.“ Í samræmi við þetta voru tillögur meiri hluta stjórnlaganefndarinnar um samband Íslands og Danmerkur á þessa leið: „Ísland hefur konung og konungserfdir saman við Danmörku. Hver önnur málefni skulu vera sameiginleg með Íslandi og Danmörku eða öðrum hlutum einveldisins er komið undir samkomulagi.“

Um stjórn í sérmálum var síðan þetta mælt: „Í öllum öðrum málum er áhræra Ísland og ekki verða sameiginleg er löggjafarvaldið hjá konunginum og Alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konunginum, dómsvaldið hjá dómendum í landinu sjálfu.“ Þannig var stefna meiri hluta nefndarinnar mörkuð. Í sambandi þessu átti Ísland að vera jafnrétthátt Danmörku og hinum hlutum konungsveldisins og um stjórn sérmála yrði komið á fót þingbundinni eða takmarkaðri konungsstjórn. Konungur skili einveldi sínu til Alþingis með sama hætti og hann hefði skilað valdi sínu til ríkisþingsins í Danmörku með grundvallarlögunum 5. júní 1849. Til viðbótar er gert ráð fyrir því í tillögum meiri hluta stjórnlaganefndar Þjóðfundarins að konungur setji íslenska menn til ráðgjafar er hafi alla hina ædstu stjórnarathöfn í landinu, að konungur sé ábyrgðarlaus en ráðgjafarnir hafi alla ábyrgð stjórnarinnar, bæði fyrir konungi og fyrir Alþingi. Þá er svo mælt að ábyrgð ráðgjafa verði ákveðin með lögum og loks að ráðgjafar skuli eiga sæti á Alþingi og þingið geti ákært ráðherra fyrir embættisverk.

Þetta eru meginatriði í þeirri stefnu sem meiri hluti stjórnlaganefndarinnar markaði á Þjóðfundinum 1851. En hvað fól hún raunverulega í sér? Undirstaðan var framangreind túlkun Jóns á réttarstöðu Íslands eftir afnám einveldisins með vísan til Gamla sáttmála. Þótt flestir Íslendingar féllust á hana var hún ekki óumdeild en sú umræða verður ekki rakin hér. En í stuttu máli má segja að sú langvinna deila þróaðist þannig að Jón Sigurðsson lagði áherslu á löggjafarvaldið og skattlagningarvaldið en danskir fræðimenn ræddu þessa þætti minna. Í stað þess lögðu þeir sérstaka áherslu á stöðu dansk-norska ríkisráðsins gagnvart Íslandi sem Jón virðist ekki hafa minnst á. Um innlent stjórnsluvald og dómsvald var hins vegar ágreiningur þar sem Jón Sigurðsson hélt fast við þá skoðun að stjórnsluvald hefði verið sjálfstæð og dómsvaldið innlent þó að konungur væri ædsti dómari en Íslendingar hefðu viðurkennt yfirráð hans.

Nú tók við þróun á alþjóðavettvangi eftir heimsstyrjöldina 1914–1918 að sú regla náði viðurkenningu í þjóðarrétti að þjóðirnar hefðu sjálfsákvörðunararrétt um stöðu sína, og áhrifin urðu þau að margar

þjóðir Evrópu fengu fullveldi á árunum 1917–1918, þar á meðal Ísland. Við það skipti þessi sögulegi ágreiningur ekki lengur máli um réttarstöðu Íslands. Hann endaði með því að menn töluðu ekki nema að nokkru leyti um sama efni eða með öðrum orðum, menn töluðu hver í sína átt og þannig var hann óútkljáður og er enn.

Nú væri freistandi að setja þessar deilur í samhengi við nútímatúlkunarfræði og eru þá kenningar heimspekingsins Hans-Georgs Gadamer einkum hafðar í huga, en hann reisir túlkunarfræði sína meðal annars á kenningum Martins Heideggers og Wilhelms Diltheys, þýskra heimspekingsa. Ég er reyndar kominn út á hálán ís, en ég ætla þó að reyna að fóta mig.

Undirstaða allrar túlkunar er það sem kallað er forskilningur sem veldur því að hvaðeina sem fyrir ber í veröldinni túlka menn um leið og þeir skynja það og setja í samhengi við veruleikann utan við það sem túlka á, hvort heldur texta eða orðræðu. Þessi frumtúlkun mótar fyrstu viðbrögð og stýrir frekari athugun. Henni má líkja við leiðsögutílgátu sem fylgir öllum fræðilegum rannsóknum. Við nánari skoðun fyrirbærisins kemur í ljós að upphafleg túlkun var ekki rétt. Hún er endurskoðuð og þannig verður stöðug víxlverkun eða gagnvirkni milli túlkandans og þess sem túlkað er. Forskilningurinn mótar síðan ákveðið skilningssvið eða sjóndeildarhring sem er á stöðugri hreyfingu eftir því sem skilningnum þokar áleiðis. Þegar tveir menn eiga orðræður sín á milli og ná ekki saman veldur einatt ólíkur forskilningur og afleiðingin verður sú að sjóndeildarhringarnir skarast ekki. Samstaða næst ekki fyrir en sjóndeildarhringarnir renna saman.

Það sem mótaði forskilning Jóns Sigurðssonar þegar hann skoðar Gamla sáttmála er skoðunarmáti vorra tíma eða með öðrum orðum, samtímaviðhorf og samtímahugtök. Þetta er í sjálfu sér viðurkennd aðferð við túlkun settra lagaákvæða. Lög eiga að vera almenn. Eðli lagareglna er því að einfalda og dæmigera ákveðið samskiptaferli þannig að það eru ekki orðin heldur kannski reglan sem að baki býr sem máli skiptir. Tilbrigði mannlífsins eru svo margbreytileg að ógerningur er að taka á þeim öllum.

Þegar tímar líða öðlast ákvæði laganna smám saman nýja merkingu þótt orðalag sé óbreytt, ella þyrftu lagabreytingar að vera tíðari en viðunanlegt væri. Þjóðernisvitund 19. aldar og síðar þróun þjóðarréttarins í þeim anda gaf ákvæðum Gamla sáttmála nýja merkingu að mati Jóns Sigurðssonar. Túlkun Jóns var lögfræðileg. Frá sjónarmiði sagnfræðinnar er þessi aðferð ónothæf. Það sem mótaði forskilning framangreindra danskra fræðimanna og sjóndeildarhring þeirra var túlkun á hugmyndum þeirra sem stóðu að gerð sáttmálans, enda hefðu ákvæði þar sem höfðingjar áskildu sér hlutdeild í lagasetningar- og skattlagningarvaldi með uppsagnarákvæði að bakhjarli verið algeng í sáttmálum á miðöldum. Hins vegar skýrðu þeir ekki nánar þær hugmyndir sem að baki þjuggu. Til frekari rökstudnings vísuðu þeir til síðari þróunar sem ákvarðað hefði réttarstöðu Íslands. Túlkun þeirra var sagnfræðileg.

Hér var beitt ólíkum aðferðum og af þeim sökum runnu sjóndeildarhringarnir aldrei saman, svo að líkingunni sé haldið, bilið var aldrei brúað. Með báðum aðferðum, hinni lögfræðilegu og sagnfræðilegu, er leitast við að komast að hinu sanna. En munurinn liggur í því að aðferðir lögfræðinnar miða að því að útkljá mál, jafnvel með valdbeitingu ef annað dugar ekki. Þær miða að því að stýra háttsemi manna. Þær eru með öðrum orðum það sem kallað er normatívar, fela í sér ákvörðun. Í samræmi við þetta túlkaði Jón Gamla sáttmála þannig að hann ákvarðaði réttarstöðu Íslands á 19. öld.

Með aðferðum sagnfræðinnar er hins vegar leitast að eftir sannindum án þess að skilyrðislaust þurfi að útkljá deilumál. Áherslan liggur á lýsingu á staðreyndum og samhengi þeirra. Í samræmi við þá túlkun ályktuðu hinir dönsku fræðimenn að ákvæði Gamla sáttmála hefðu engin áhrif á réttarstöðu Íslands á 19. öld, skiptu engu máli. Af hendi Dana væru hin sögulegu rök einungis rædd af því að Íslendingar legðu áherslu á það. Niðurstaðan verður þá sú að báðir höfðu að vissu marki rétt fyrir sér, en nálguðust viðfangsefnin með ólíkan forskilning að leiðarljósi. Sá galli var hins vegar á málflutningi þeirra að þeir gáfu ekki nægilegan gaum stjórnskip-

unarhugmyndum manna á miðöldum og það skekkti túlkun þeirra á sáttmálanum.

En hvað sem þessu líður stöppuðu kenningar Jóns stálinu í Íslendinga og urðu til þess að þeir gátu fylgt eftir þróun þjóðarréttarins. Jón var enginn sérstakur málamiðlunarmaður og honum hlýtur að hafa verið ljóst að Danir gátu ekki gengið að þeim kröfum sem settar voru fram á Þjóðfundinum 1851. Á það reyndi hins vegar aldrei hvort unnt hefði verið að finna lausn sem báðir gætu sætt sig við, en ólíklegt verður það þó að teljast þegar haft er í huga það sem á eftir fór. En slík voru áhrif Jóns að þeir sem vildu miðla málum, hvort heldur á Þjóðfundinum eða síðar, allt fram til lýðveldisstofnunar, voru litnir hornauga sem undanhaldsmenn en þó náðist sjálfstæðið í áföngum. Mikilvægi Þjóðfundarins var hins vegar fólgið í því að það vísaði mönnum alla 19. öld og reyndar lengur veginn að því hvert stefna skyldi. Með honum fengu Íslendingar fótfestu í þeim átökum við Dani sem fram undan voru.

Ofurlítið hefur borið á því í umræðum upp á síðkastið að lítið er gert úr sjálfstæðisbaráttunni. Þróun mála utan lands hafi ráðið mestu. Jón Sigurðsson hafi verið á launum hjá Dönum og aldrei verið settur í fangelsi eins og allir sannir þjóðfrelsmenn, engum blóðdropa úthellt.

Hér gleymist þó eitt. Ef Íslendingar hefðu ekki sýnt vilja til sjálfstæðis í verki og safnað röksemdum til stuðnings kröfum sínum, hefðu þjóðréttarreglur lítt stodað. Sjálfstæðiskröfur Íslendinga varð að rökstyðja og heimfæra undir meginreglur þjóðarréttarins eftir því sem hann þróaðist og í þessu ferli markaði Þjóðfundurinn þáttaskil.

En hvernig var sú stjórn sem gert var ráð fyrir í tillögum meiri hlutans á Þjóðfundinum? Samband landanna hefði líklega orðið málefнасamband en hversu náíð það hefði orðið hefði ráðist af sambandssáttmálanum við konung en enginn getur svarað því hvernig hann hefði litið út. Sá sáttmáli var ekki gerður fyrr en 1918. Staða konungs var sterk þar sem hann hafði neitunarvald, gat sem annar handhafi löggjafarvalds synjað lögum staðfestingar. Ráðgjafa, sem nú reyndar kallast ráðherrar, skipaði hann síðan án atbeina Alþingis. Af því leiddi hins vegar að Alþingi var óháð framkvæmdarvald-

inu og staða þess tiltölulega sjálfstæð. Þetta átti síðar eftir að breytast þegar þingræðisskipun var tekin upp í byrjun síðustu aldar, en hún hefur í för með sér að skil verða ógleggri milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds þar sem meiri hluti Alþingis ber ábyrgð á ríkisstjórn þannig að það aðhald sem rétt er talið að þingið veiti stjórninni kemur aðallega í hlut stjórnarandstöðunnar á hverjum tíma.

Í tillögu meiri hlutans er gert ráð fyrir því að ráðgjafar konungs sitji á Alþingi og beri ábyrgð fyrir því auk þess að bera ábyrgð fyrir konungi. Ljóst er að hér er átt við refsíábyrgð, enda gert ráð fyrir sérstökum lögum um ráðherraábyrgð og ákærvald Alþingis. Að öðru leyti virðist ábyrgðin vera siðferðileg án þess að það sé nánar útlistað í lögskýringargögnum Þjóðfundarins, en Jón Sigurðsson skýrir það nánar í Hugvekju til Íslendinga og þar virðist niðurstaðan vera þessi, að ráðherra hljóti að víkja ef hann sætir verulega harkalegri og rökstuddri gagnrýni. Ekki veit ég hvernig þessi regla mundi virka í dag, en það þarf ekki að velta því fyrir sér.

Ábyrgð ráðherra er ein aðferð við að þingbinda eða takmarka konungsvald og snerist stjórnskipunarumræða áratuginn eftir Þjóðfund mjög um hana. Ýmsar hugmyndir voru settar fram sem ekki er ástæða til að rekja hér, en niðurstaðan varð sú við upphaf heimastjórnar að ábyrgðin var tvíþætt, annars vegar refsíábyrgð og hins vegar pólitísk ábyrgð á grundvelli þingræðis, að ráðherra yrði að njóta trausts þingsins. Hefur sú skipan haldist til þessa dags.

Að lokum er ástæða til að skoða Þjóðfundinn í ljósi sögu þess menningarheims sem næstur okkur stendur, sögu germanskra og þar með norrænna og engilsaxneskra þjóða. Elsta þjóðfélagsstofnun þeirra er þing frjálsra manna og þjóðhöfðingi sem einkum gegndi forustu í ófriði. Að öðru leyti er vald hans takmarkað. Þingið var þannig í upphafi valdamesta stofnun þjóðfélagsins.

Á 12. og 13. öld tók konungsvald að eflast og óx stöðugt í flestum ríkjum Evrópu uns einveldi komst á upp úr miðri 17. öld. Frelsishræringa gætti þó jafnan en þeim óx fyrst ásmegin á síðari hluta 18. aldar og hinni 19. og til viðbótar kom þjóðernisstefna sem meðal annars átti rætur í rómantísku

stefnunni og leysti af hólmi alþjóðahyggju upplýsingarinnar. Fóru þá saman hugmyndir um hvort tveggja, þjóðfrelsi sem beint var gegn fjölþjóðaríkjum og nýlenduveljum og lýðfrelsi þar sem lagt var til atlögu við einvaldsstjórnir. Stjórnspekingar eins og John Locke leituðu margir til miðalda, ekki síst hugmynda um takmarkað konungsvald. Um slík viðhorf hérlendis er nærtækast að benda á viðhorf Fjölnismanna til íslenska þjóðveldisins og túlkunar Jóns Sigurðssonar á Gamla sáttmála.

Hér var tekist á um vald. Stefna þjóðfrelsismanna var sú að ákvarðanir yrðu teknar í samræmi við aðstæður hverrar þjóðar, hagsmuni hennar og hugsunarhátt og það mótaði löggjöf og aðra stjórnarhætti, hugmyndir sem meðal annars má rekja til franska heimspekingsins Montesquieus og þýska heimspekingsins Johanns Gottfrieds Herders. Á þetta lögðu þeir Tómas Sæmundsson og Jón Sigurðsson sérstaka áherslu í ritgerðum sínum um Alþingi sem birtust 1841, ritgerð Tómasar að vísu eftir andlát hans. Þessu til fulltingis var síðan lýðfrelsið þannig að fólkid kysi fulltrúa sína á þing sem veittu landstjórnarmönnum aðhald og stæðu kjósendum sínum síðan reikningsskap gerða sinna og bæru þannig að lokum ábyrgð gagnvart því. Kjarni átakanna snerist um að færa ákvörðunarvaldið nær fólkinu þannig að það fengi hlutdeild í því.

Nú má segja að markmiðin sem sett voru á Þjóðfundinum hafi náðst og riflega það. Fyrsti áfanginn var að Alþingi fékk löggjafarvald, að vísu takmarkað, árið 1874. Síðan var framkvæmdarvaldið flutt inn í landið með heimastjórn 1904, næst var sambandsáttmáli gerður 1918 sem fól í sér fullveldi og mjög laustengt málefнасamband. Æðsta dómsvaldið fylgdi síðan eftir 1920. Að fullveldi frágengnu voru þetta allt markmið sem sett voru á Þjóðfundinum 1851 án þess að þau væru nákvæmlega skilgreind, enda vannst aldrei tími til þess. Loks var þjóðhöfðingjavaldið fært til landsins 1944, formlega, en það var ekki á stefnuskrá Þjóðfundarins.

Er þá ekki sjálfstæðisbaráttunni lokið? Ekki nema að nokkru leyti. Í reynd má segja að hún hafi í vissum skilningi verið flutt inn og birtist nú t.d. í togstreitu Alþingis og framkvæmdarvalds, þar sem málið snýst meðal annars um lýðræðislegt umboð.

Ef rétt er eins og stundum er haldið fram að framkvæmdarvaldið sé ofjarl Alþingis má segja að það sé arftaki danska framkvæmdarvaldsins eftir 1874. En ég ætla ekki að leggja neinn dóm á þetta álitaefni hér, hver valdahlutföll eru milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Ég skírskota einungis til orða sem fallið hafa.

Ef við lítum út fyrir landsteinana er nærtækast að gefa gaum Evrópusambandinu og þá blasir við áþekk mynd. Því er jafnan haldið fram að framkvæmdastjórn bandalagsins og raunar stjórnkerfið í heild sé ofjarl hinna kjörnu fulltrúa á Evrópuþinginu og mjög skorti á lýðræði innan sambandsins.

Þetta skynji kjósendur með því að taka lítinn þátt í kosningum. Reynt hefur verið að koma til móts við þau sjónarmið sem einkenndu þjóðfrelsis- og lýðfrelsisbaráttu 19. aldar með viðstuðningsreglunni í Maastricht-sáttmálanum, sem miðar að því að færa ákvörðunarvald nær fólkinu, en um raunverulega merkingu hennar og áhrif er margt á huldu.

Þannig er Þjóðfundurinn 1851 einn þáttur í aldalöngum átökum sem enn sér ekki fyrir endann á en hafa birst í margvíslegum myndum þótt kjarninn sé hinn sami. Og í þessum skilningi má segja að sjálfstæðisbaráttan sé ævarandi.

*Ávarp Ólafs Ásgeirssonar
þjóðskjalavardar*

Á Þjóðfundinum voru þeir kandiðat Björn Halldórsson og Páll sýslumaður Melsted kjörnir skrifarar fundarins. Þeir héldu utan um allt sem þar fór fram og síðan voru fengnir til skrifarar til þess að rita á bók niðurstöðurnar í einu lagi. Þessi bók sem ég hef hér er rituð af Benedikt Gröndal, skáldi og kennara Lærða skólans, og er mikill dýrgripur að mörgu leyti, forkunnarfagurt handrit og þegar betur er að gáð virðist eins og ritarinn hafi gert sér góða grein fyrir því að þetta ætti eftir að vera gagn sem lagt yrði fram um alla framtíð í sambandi við sögu þjóðarinnar. Eins og sést á málverki af konungi hér á vegg þá gegndu skjöl miklu hlutverki í að styðja vald manna og einkum í hugmyndaheimi þessa tíma. Þetta hafa menn haft í huga.

Ég mun nú lesa fundargerð síðasta fundar, 16. fundar Þjóðfundarins, 9. dag ágúst mánaðar.

„Allir á fundi. Gerðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Konungsfulltrúi: „Fundur þessi hefur nú þegar staðið í 5 vikur og er nú sá dagur kominn að störfum fundarins, eftir því sem ég þann 22. fyrra mánaðar lét yður vita, átti að vera lokið. Fundurinn hefur fengið nægan tíma til að ræða og segja álit sitt um þau þrjú mál sem ég, eftir skipan vors allra mildasta konungs, lagði fyrir fundinn. Það er því harla leiðinlegt að fundurinn hefur ekki lokið ætlunarverki sínu og má eingöngu um það kenna aðferð fundarins. Fundurinn hefur varið óviðurkvæmilega löngum tíma til að búa til þingsköp og það enda þótt fundurinn hefði fyrir sér þingsköp Alþingis og þó nú fundurinn hefði álitid þingsköp Alþingis ónóg fyrir sig er það samt víst að ekki var rétt að verja svo löngum tíma til að búa til öldungis ný þingsköp og það því síður sem einungis var um einn fund að gera. Fundurinn hefur þar að auki samþykkt þau þingsköp sem langtum fremur hafa tálmað aðgerðum hans heldur en þingsköp Alþingis hefðu gert.

Fundurinn hefur ekki notað þá kraftana sem hann hefur haft yfir að ráða; jafnvel þótt fundarmenn séu margir hefur fundurinn þó hartnær falið þeim sömu mönnum að fjalla um öll þau mál sem



Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður.

fyrir fundinn hafa verið lögð; þessi aðferð hefur haft það í för með sér sem og er eðlilegt að þeir sem í nefndirnar voru kosnir hafa ekki getað lokið af starfa sínum á þeim tíma sem þrjár nefndir sem hefðu haft sína nefndarmenn hver hefðu getað leitt málin til lykta.

Einungis eitt af þeim málum sem fundurinn fékk til umræðu er á enda kljád; hin tvö önnur: „Um stöðu Íslands í ríkinu“, og „Um kosningar til Alþingis“, eru enn þá óbúin. Um hið síðar nefnda mál er enn þá alls ekki komið nefndarálit til fundarins og hvað hið fyrr nefnda mál snertir þá eru að vísu tvö nefndarálit komin um það til fundarins í fyrradag; en álit meiri hluta nefndarinnar er svo úr garði gjört að fundurinn ekki hefur nokkra heimild til að taka það til umræðu og máli þessu gæti því ekki orðið frekar framgengt nema því aðeins að því væri vísað aftur til nefndarinnar til nýrrar og löglegrar meðferðar. Þessi tvö mál eru þannig líkt á veg komin og þá ég lagði þau fyrir fundinn, og lenging þingtímans um fáa daga, en ekki getur verið tiltökumál nema aðeins um fáa daga, gæti því ekki haft annan árangur en þann að landið fengi að bera enn þá fleiri útgjöld til einskis gagns en þegar hvíla á því.

Til að baka landi þessu fleiri óþarfa útgjöld en orðið er finn ég alls ekki ástæðu og mun ég því samkvæmt þeim myndugleika sem vor allra mildasti

konungur hefur gefið mér til þess og sem ég hef lagt fyrir fundinn nú þegar enda fund þennan.

Og lýsi ég þá yfir í nafni konungs (Jón kandiðat Sigurðsson: „Má ég biðja mér hljóðs til að forsvara aðgerðir nefndarinnar og þingsins?“ Forseti: „Nei.“) að fundinum er slitið.

Jón kandiðat Sigurðsson: „Þá mótmæli ég þessari aðferð.“

Konungsfulltrúi (um leið og hann og forseti gengu burt úr sætum sínum): „Ég vona að þingmenn hafi heyrt að ég hef slitið fundinum í nafni konungs.“

Jón kandiðat Sigurðsson: „Og ég mótmæli í nafni konungs og þjóðarinnar þessari aðferð og ég áskil þinginu rétt til að klaga til konungs vors yfir lögleysu þeirri sem hér er höfð í frammi.“

Þá risu upp þingmenn og sögðu flestir í einu hljóði: „Vér mótmælum allir!“

Á meðan þessu fór fram þokuðust þeir konungsfulltrúinn og forseti út úr þingsalnum; en er þeir voru komnir út kallaði einn þingmannna:

„Lengi lifi konungur vor, Friðrekur hinn sjöundi!“ og tóku þingmenn undir í einu hljóði.

Síðan var gengið af fundi.“

